Grundaskóli
Akranesi

# Skólanámskrá

Grundaskóli
Akranesi

# *Skólanámskrá*

Grundaskóla 2015

***Ábm.:*** Hrönn Ríkharðsdóttir
***Umbrot.:*** Þórður Elíasson

**Heimasíða Grundaskóla:** www.grundaskoli.is
**Netfang Grundaskóla:** grundaskoli@akranes.is

# Efnisyfirlit


Skólanámskrá ..... 3
Grundaskóli ..... 4
Leiðarljós Grundaskóla ..... 7
Grunnþættir menntunar ..... 8
*Læsi* ..... 8
*Sjálfbærni* ..... 9
*Lýðræði og mannréttindi* ..... 10
*Jafnrétti* ..... 11
*Sköpun* ..... 12
*Heilbrigði og velferð* ..... 13
Hugmyndafræði og uppeldissýn í Grundaskóla ..... 15
*Heilsueflandi grunnskóli* ..... 15
*Uppeldi til ábyrgðar* ..... 16
*John Dewy – uppgötvunarnám* ..... 19
*Heimanám* ..... 19
*Umferðarfræðsla* ..... 21
Námsmat skólans ..... 22
*Viðmið um þekkingu, leikni og hæfni* ..... 23
*Námsmat* ..... 23
*Lykilhæfni* ..... 25
Tjáning og miðlun ..... 25
Skapandi og gagnrýnin hugsun ..... 26
Sjálfstæði og samvinna ..... 27
Nýting miðla og upplýsinga ..... 28
Ábyrgð og mat á eigin námi ..... 28
Námskvarði og viðmið um lykilhæfni ..... 29
*Stöðluð próf og skimunarpróf í grunnskóla* ..... 30
*Útskrift úr grunnskóla* ..... 30
*Mentor* ..... 31
Hvernig gerum við í Grundaskóla – samþætt grunnskólastarf . 32
*1.-4. bekkur – Svona gerum við* ..... 33
*5.-7. bekkur – Svona gerum við* ..... 38
*8.-10. bekkur – Svona gerum við* ..... 42
*List- og verkgreinar, íþróttir* ..... 48
*Stoðþjónustan* ..... 50
Önnur verkefni ..... 54
*Tengsl á milli skólastiga* ..... 54
*Brúum bilið* ..... 54
*Framhaldsskólar* ..... 54
*Mat á námi og velferð nemenda* ..... 54
*Starfsáætlun* ..... 55
*Foreldrasamstarf* ..... 55
*Mat á skólastarfi (innra og ytra)* ..... 55
*Skólareglur og viðbrögð* ..... 56
*Verklagsreglur vegna agabrota* ..... 57
*Viðmiðunarreglur varðandi skólasókn* ..... 58
*Skólareglur – Uppeldi til ábyrgðar* ..... 59
*Móttaka nýrra nemenda og nemenda af erlendum uppruna* . 60
*Samstarfsaðilar* ..... 61
*Heimildaskrá* ..... 61

# Skólanámsskrá



Ný aðalnámskrá var gefin út í maí 2011 og leysti af hólmi Aðalnámskrá grunnskóla frá 1998. Fyrri hluti nýju námskrárinnar er sameiginlegur fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla en seinni hluti hennar gildir fyrir hvert skólastig um sig.

Í nýju aðalnámskránni kemur fram ný menntastefna sem hefur það að markmiði að rækta með nemendum þekkingu, leikni og viðhorf sem getur styrkt þá sem einstaklinga til að verða þegar fram líða stundir gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í lýðræðissamfélagi. Sex grunnþættir menntunar mynda nýja menntastefnu en þeir eru: læsi, sjálfbærni, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð og að lokum sköpun.

Aðalnámskrá eru ætluð margvísleg hlutverk. Hún lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um alla skóla, alla nemendur og alla starfsmenn. Hún er viðmið um námsmat, leiðarljós í námsefnisgerð, grundvöllur skólanámskrárgerðar og sjálfsmats skóla. Í aðalnámskránni er lögð áhersla á lýðræði og jafnrétti og að nemendur séu virkir þátttakendur í skólastarfinu. Þeir eiga að fá tækifæri til að koma að ákvörðunum sem varða þá og skólastarfið. Grunnskólar eru mikilvægur vettvangur til að jafna uppeldisaðstæður barna. Kennarar og skólastjórnendur fá í námskránni svigrúm til að móta og þróa skólastarfið á faglegan hátt. Aðalnámskrá er ætlað að veita bæði foreldrum og nemendum upplýsingar.

Skólanámskrá Grundaskóla byggir á aðalnámskrá hverju sinni og á að vera sáttmáli um nám og kennslu. Samkvæmt aðalnámskránni skal í skólanámskrá gerð grein fyrir þeim gildum sem skólastarf byggir á. Í skólanámskrá skal m.a. birta upplýsingar um:

- *Starfsemi skólans frá stofnun hans og helstu atriði í þróun skólans frá upphafi*
- *Stefnu skólans, gildi, uppeldis- og kennslufræðilega stefnu og kennsluhætti*
- *Útfærslu skólans á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga*
- *Markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár*
- *Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi*
- *Innra mat á árangri og gæðum*
- *Áætlanir um umbætur og þróunarstarf*
- *Samstarf heimila og skóla*
- *Samstarf við leikskóla og framhaldsskóla*
- *Tengsl skóla við nærsamfélagið og hvernig nýta má það til náms og þroska*
- *Áætlanir um*
  - *Móttöku nýrra nemenda*
  - *Áfengis- og fíknivarnir*
  - *Aðgerðir gegn einelti og öðru ofbeldi*
  - *Öryggis – og slysavarnir*
  - *Jafnrétti og mannréttindi*
  - *Viðbrögð við áföllum*
  - *Agamál*

Allir kennarar í skólanum fengu tækifæri til að vinna að og móta nýja skólanámskrá. Námskrárvinnan var jafnt og þétt kynnt fulltrúum foreldra í skólaráði og foreldraráði.

Skólanámskrá er eðli sínu samkvæmt lifandi plagg í stöðugri endurskoðun.

# Grundaskóli

Grundaskóli tók formlega til starfa haustið 1981 með nemendur fædda árin 1972, 1973 og 1974. Fyrstu nemendurnir voru ekki útskrifaðir fyrr en vorið 1988. Allt frá byrjun var áhersla í skólastarfinu á nemandann og gengið út frá því að góð líðan nemanda væri forsenda náms. Skólinn hefur verið meðvitaður um að nemendur þroskast misfljótt og hafa mismunandi hæfileika. Þess vegna hefur alla tíð verið lögð rík áhersla á að koma til móts við hæfileika hvers og eins og strax tekið upp valkerfi þar sem nemendur gátu haft áhrif á nám sitt. Frá upphafi hefur mikil áhersla verið lögð á samstarf við foreldra og heimili og að skólinn væri hluti af samfélaginu sem hann starfaði í, opinn þeim sem vildu nýta hann.

Grundaskóli hefur verið byggður í áföngum. Elsta byggingin (yngsta stigið) var tekin í notkun að hluta haustið 1981. Húsnæði unglingadeildar var tekið í notkun 1988, stjórnunarálma með kennarastofu, vinnuaðstöðu fyrir kennara, bókasafni og sal kom 1995 og loks var miðstigsbyggingin tekin í notkun þegar skólinn varð einsetinn haustið 2002. Á undanförnum árum hafa vegna þrengsla og fjölgunar nemenda bæst við tvær lausar kennslustofur á skólalóðina. Þær bera nöfnin Hof og Harpa eftir stærstu menningarhúsum á landinu.

Guðbjartur Hannesson, sem var skólastjóri frá upphafi og til loka skólaársins 2006-2007, hefur lýst Grundaskóla sem skóla með sveigjanlega kennsluhætti fremur en opnum skóla. Elsta byggingin er með opin kennslurými og stór miðsvæði en þau kennslurými sem komu á eftir eru meira lokuð. Áhersla hefur ávallt verið lögð á kennslu í list- og verkgreinum. Skólinn hefur í þessum greinum eins og öðrum aðlagað sig breytingum í skólastarfinu og áherslum í aðalnámskrám á hverjum tíma.

Valkerfi unglingadeildar tekur stöðugum breytingum. Áhersla á list- og verkgreinar og tækifæri nemenda til að njóta sín utan hins bókabundna náms hefur verið áberandi á unglingastiginu. Í mörg undanfarin ár hefur verið haldin hæfileikakeppni/hátónsbarkakeppni grunnskólanna á Akranesi en nokkur undanfarin ár hafa hátónsbarkarnir verið valdir fyrir hvorn grunnskóla um sig og er full sátt um það fyrirkomulag.

Frumsamdir söngleikir hafa verið settir upp innan skólans og sýndir við fádæma undirtektir. Fyrst var Frelsi sýnt, en höfundar þess voru Flosi Einarsson og Gunnar Sturla Hervarsson. Einar Viðarsson bættist í hópinn þegar Hunangsflugur og villikettir komust á fjalirnar. Draumaleit var samstarfsverkefni við skóla á Ítalíu, í Svíþjóð og Tyrklandi. Sá söngleikur var sýndur í hverju landi fyrir sig og loks var sameiginleg sýning í Stokkhólmi í desember 2007. Síðan hafa bæst við Vítahringur sem byggir á samnefndri bók Kristínar Steinsdóttur um Harðarsögu Hólmverja og Nornaveiðar sem var frumsaminn af þeim félögum Einar, Flosa og Gunnari Sturlu og sýndur í byrjun árs 2012. Skólaárið 2014-2015 var unnið að nýjum söngleik sem frumsýndur var í febrúar 2015 og bar heitið Úlfur úlfur.

# Grundaskóli

Ekki verður skilið við tónlistina án þess að geta um verkefni sem heitir „Ungir / gamlir“ sem Flosi Einarsson á frumkvæði að. Þar koma saman til æfinga og síðan tónleikahalds ungt tónlistarfólk og gamlir „refir“ í tónlistarbransanum. Hér er um að ræða samstarfsverkefni með Brekkubæjarskóla og Tónlistarskólann á Akranesi. Tónleikarnir eru árlega á Vökudögum í nóvember og þeir eru komnir til að vera.

Margar hefðir hafa orðið til í skólastarfinu. Fyrr er nefnd hæfileikakeppni og frumsamdir söngleikir. Í mörg ár var Sjávarútvegsþema í 9. bekk, þar sem nemendur lærðu um sjávarútveg í víðum skilningi og buðu síðan til veglegrar fiskiveislu í lokin. Nú hefur tekið við verkefni um Akranes þar sem sjávarútvegsfyrirtækjum fækkar í bæjarfélaginu. Nemendur læra um þær atvinnugreinar sem einkenna störf og starfsemi á Akranesi. Þótt engin sé fiskiveislan bjóða nemendur foreldrum sínum í skólann þar sem afrakstur verkefnisins er sýndur um leið og boðið er upp á kræsingar sem nemendur reiða fram.

Reykjaskólaferð 7. bekkjar og útskriftarferð 10. bekkjar í Þórsmörk eru fastir liðir. Nemendur í 1.- 6. bekk undirbúa fjölbreytt atriði fyrir árshátíðarsýningu, en unglingarnir halda sína árshátíð með hátíðlegri matarveislu þar sem kennarar og starfsmenn þjóna til borðs.

Grundaskóli er móðurskóli í umferðarfræðslu og hefur verið undanfarin ár. Mikil vinna hefur farið fram innan skólans í tengslum við þetta verkefni og kennarar lagt sig fram um að leita nýrra leiða til að kenna um umferðina. Einnig hefur hópur kennara farið um landið og kynnt fyrir öðrum skólum það sem gert er í Grundaskóla. Meðal þess er vefsvæðið eða umferðarvefurinn *http://www.umferd.is* sem er samstarfsverkefni Grundaskóla, Námsgagnastofnunar og í upphafi Umferðarstofu sem raunar eru nú orðin að Samgöngustofu með sameiningu stjórnsýslueininga sem komu að samgöngumálum á Íslandi. Skólaárið 2013-2014 fengu allir nemendur á yngsta stigi skólans gefið endurskinsvesti en með því móti vill skólinn brýna fyrir nemendum og foreldrum mikilvægi þess að vera sýnilegur í umferðinni og leggja sitt af mörkum til að auka öryggi þeirra sem yngstir eru. Þessu verður haldið áfram og nemendur í 1. bekk munu framvegis fá endurskinsvesti að gjöf frá skólanum.

Mörg þróunarverkefni hafa verið unnin af starfsfólki Grundaskóla. Má þar nefna *„Ég vil vera í sama skóla og bræður mínir“* sem var unnið í tengslum við skólagöngu drengs með Downs-heilkenni en hann var í almennum bekk í Grundaskóla alla sína grunnskólagöngu. Önnur verkefni eru *„Engill úr Paradís“* sem er upplýsingabæklingur fyrir foreldra, *„Að gera góðan skóla betri“* sem var samvinnuverkefni grunnskóla á Akranesi. Önnur þróunarverkefni eru t.d. um námsmat, lífsleikni, ábyrgð nemenda á eigin námi og óhefðbundin stærðfræðikennsla. Þróunarverkefni um móttöku nemenda í 1. bekk hefur skilað góðum árangri og sömu sögu er að segja um þróunarverkefni á unglingastiginu þar sem áhersla er

# Grundaskóli

lögð á samþættingu námsgreina, sjálfstæða vinnu nemenda og ábyrgð þeirra á eigin námi.

Grundaskóli hefur alltaf átt gott samstarf við bæjaryfirvöld á Akranesi. Samstarf hefur verið með ágætum á milli grunnskólanna auk þess sem samstarf við leikskóla og framhaldsskóla fer vaxandi. Fjölmargir gestir heimsækja skólann á hverju ári og starfsfólk Grundaskóla leitar eftir þekkingu og reynslu annarra grunnskóla. Slíkt samstarf er af hinu góða og eflir skólann.

Sífellt fleiri grunnskólanemendur stunda framhaldsskólanám af einhverjum toga. Það er í vaxandi mæli þörf fyrir úrræði bæði fyrir bráðgera nemendur og ekki síður nemendur sem þurfa sértækan stuðning eða aðstoð í lengri eða skemmri tíma. Grundaskóli hefur í nokkur ár átt farsælt samstarf við Verslunarskóla Íslands um nám á framhaldsskólastigi. Þá hafa nemendur í 9. og 10. bekk átt þess kost að sækja valtíma í FVA. Grundaskóli leggur einnig mikinn metnað í öfluga stoðþjónustu þar sem þekking sérkennara, sálfræðings, hjúkrunarfræðings og námsráðgjafa stendur nemendum til boða. Haustið 2015 bætast í þennan hóp iðjuþjálfi og þroskaþjálfi

Í Grundaskóla eru um það bil 600 nemendur í 29 bekkjardeildum, heldur fleiri drengir en stúlkur. Starfsmenn eru tæplega 100 í misstórum stöðugildum. Skólastjórnendur eru tveir, verkefnastjórar stiga og sérkennslu eru fjórir.

Starfsfólk Grundaskóla er bundið þagnarskyldu um allt sem það fær vitneskju um í starfi sínu og varðar málefni nemenda eða foreldra. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Foreldrar eru jafnframt beðnir að sýna öðrum foreldrum og nemendum trúnað. Gagnkvæmur trúnaður er mikilvægur og eykur traust milli aðila skólasamfélagsins.

Myndir sem foreldrar eða starfsmenn taka á viðburðum á vegum Grundaskóla eru til einkanota með þeirri undantekningu að þær má birta á heimasíðu skólans og fésbókarsíðu á hans vegum.

Skólinn og starfsmenn hans hafa hlotið margvíslegar viðurkenningar á umliðnum árum. Má þar nefna að Grundaskóli hlaut árið 2005 fyrstur skóla Íslensku menntaverðlaunin sem forseti Íslands stofnaði til. Forsvarsmenn söngleikjaverkefna skólans hlutu foreldraverðlaun Heimilis og skóla árið 2012. Grundaskóli fékk viðurkenningu sem stofnun ársins 2012 frá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og vorið 2014 viðurkenningu frá Akraneskaupstað fyrir Malawíverkefnið þar sem nemendur og starfsmenn safna fyrir bágstödd börn í Malawí.

# Leiðarljós Grundaskóla

*Samvinna – Traust – Virðing*

Grundaskóli býður upp á metnaðarfullt skólastarf sem byggir á góðu starfsumhverfi, góðri samvinnu starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans.

Lögð er áhersla á að nemendum líði vel í skólanum og að þeir fái kennslu við hæfi.

Boðið er upp á fjölbreyttar kennsluaðferðir og lögð er áhersla á verklegar greinar ekki síður en bóklegar.

Gerðar eru kröfur til nemenda og starfsfólks um góða ástundun, dugnað, reglusemi, góða umgengni og kurteisi sem byggir á gagnkvæmri virðingu.

Boðið skal upp á góða sérfræðiaðstoð og ráðgjöf fyrir þá sem á þurfa að halda.

Nemendur njóta trausts innan skólans og fá tækifæri til öflugs félagstarfs og hafa þannig jákvæð áhrif á skólastarfið. Þeir fá einnig að velja viðfangsefni við hæfi eftir því sem við verður komið og þroski þeirra leyfir.

# Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar eru settir fram í Aðalnámskrá til að leggja áherslu annars vegar á samfélagsleg markmið og hins vegar markmið sem varða menntun sérhvers einstaklings. Grunnþættirnir eru leiðarljós í almennri menntun í leik-, grunn- og framhaldsskólum og eiga að birtast í skólabrag, gildum skóla og viðhorfum.

Grunnþættir menntunar eru:

**Læsi:** talað mál og ritað, samræður, málörvun, læsi í umhverfi og samskipti

**Sjálfbærni:** umgengni, virðing fyrir umhverfinu, skilningur á samhengi hluta, ábyrgð á eigin lífi og heilbrigði

**Lýðræði og mannréttindi:** að tryggja jafnan rétt, að hafa áhrif og val, að taka afstöðu, rökræður og gagnrýni, virkni og þátttaka, félagsleg hæfni /samkennd og umburðarlyndi

**Jafnrétti:** að allir fái að njóta sín, að jafna aðstöðumun, viðfangsefni og nálgun sem hentar bæði drengjum og stúlkum

**Heilbrigði og velferð:** andleg og líkamleg heilsa nemenda, hvíld, næring, umhyggja, vellíðan, hreinlæti, útivera, hreyfing, jákvæð sjálfsmynd

**Sköpun:** listsköpun, að prófa fjölbreyttan efnivið, fá útrás og prófa eitthvað nýtt, leikur og leikræn tjáning, söngur, tónlist og dans

Grunnþáttum menntunar er ætlað að endurspeglast í öllu námi sem fram fer í skólanum. Flétta þarf grunnþættina inn í daglegt skólastarf, nám og kennslu þannig að hver og einn fái að njóta sín. Þegar meta skal skólastarf verður að skoða með hvaða hætti grunnþættirnir setja mark á nám og kennslu og skólastarfið í heild sinni. Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa. Grunnþættirnir tengjast innbyrðis og eru háðir hver öðrum.

Í Grundaskóla endurspeglast grunnþættir menntunar í skólastarfinu með eftirfarandi hætti:

## *Læsi*

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn – læsi er að skapa eigin merkingu. Í læsi felst samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og það er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð

hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum. Læsi snýst um málnotkun og merkingu í öllum námsgreinum skólans. Unnið er með læsi í víðum skilningi þess orð í gegnum

- Byrjendalæsi (1.-3. bekkur)
- Orð af orði (3. -10. bekkur)
- Gagnvirkan lestur (miðstig)
- Yndislestur (allir nemendur)
- Upplestur (m.a. þátttaka í upplestrarkeppni grunnskólanna á Akranesi, 7. bekkur)
- Framsetningu – túlkun texta (leiklist, drama allir nemendur)
- Umræður
- Hugkortagerð (miðstig, unglingastig)
- Ritun (allir nemendur)
- Frásagnir (m.a. Þóra sögukona sem heimsækir allar bekkjardeildir nokkrum sinnum á ári)
- Miðlalæsi – stafrænt læsi
- Umræður – tjáningu
- Efnisöflun

## *Sjálfbærni*

Sjálfbærni snýst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti, ekki bara í nútíma heldur og gagnvart komandi kynslóðum. Það er óhugsandi að unnt sé að stuðla að mannréttindum og jafnrétti án þess að jafnframt sé leitað eftir sjálfbærni og jafnvægi í þróun samfélagsins. Í Grundaskóla er unnið að sjálfbærni í gegnum viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélagsins; að skila umhverfinu til afkomenda í ekki lakara ástandi en tekið var við því og að leitast við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Undirþættir náms í sjálfbærni eru: Umhverfið og náttúran, samfélagið og efnahagurinn.

***Umhverfið og náttúran***

- Að þekkja, skilja og virða takmörkun vistkerfa, ferla, lögmál og hringrásir í náttúrunni vegna sjálfgildis náttúrunnar og þjónustunnar sem hún innir af hendi fyrir mannfólkið

***Samfélagið***

- Jöfnuður innan kynslóðar og á milli kynslóða

***Efnahagurinn***

- Náin tenging við umhverfi og samfélag, skynsamleg nýting auðlinda og sanngjörn skipting þeirra, neytingafræðsla og fjármálalæsi.

Það er afar mikilvægt hverjum skóla að vera sjálfbær hvað varðar þekkingu á öllum námsgreinum. Án þess verður vart sett

# Grunnþættir menntunar

fram kennsluferli frá upphafi til loka náms í grunnskóla. Leggja þarf áherslu á að flétta sjálfbærni inn í daglegt starf á öllum námssviðum og í öllum námsgreinum þar sem nemendur læri að vinna með öðrum. Kenna má sjálfbærni með virkum umræðum um málefni sem eru áberandi í samfélagsumræðunni, ræða hugtökin, skýra þau og beita þeim með virkum og markvissum hætti. Mikilvægt er að tengja námsmat raunverulegum verkefnum til að ganga úr skugga um hvort nemendur hafi áttað sig á viðfangsefninu. Aldur nemenda ræður mestu þegar kemur að áhersluþáttum í námi og kennslu.

**Á yngsta stigi er áherslan á:** Góða umgengni, endurvinnslu, umhverfisvernd, ábyrgð á sér og sínum gjörðum, hlutverk og reglur (samskipta og umgengnisreglur) og það að læra að vera í skóla (halda utan um eigur sínar).

**Á miðstigi er áherslan á:** Endurvinnslu, umhverfið, að nemendur taki ábyrgð á eigin námi, haldi utan um verkefni sín og að nemendur verði sjálfbjarga og sjálfstæðir í vinnu sinni.

***Á unglingastigi er áherslan á:*** Hugtakið sjálft; sjálfbærni í tveimur námsgreinum; náttúrufræði og samfélagsfræði. Nemendum er m.a. kynnt vistfræði, gróðurhúsaáhrif og ósonlagið. Þeir eru fræddir um breytileg lífsskilyrði fólks í heiminum með hliðsjón af víxlverkun manns og náttúru. Nemendur læra að hver og einn einstaklingur hefur áhrif á nánasta umhverfi sitt, t.d. með gjörðum sínum og athöfnum. Nemendur læra að setja sig í spor annarra. Nemendur þurfa að tileinka sér mikilvæg gildi, s.s. virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti og jöfnuði. Nemendur geta gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun.

## *Lýðræði og mannréttindi*

Lýðræði er afar mikilvægur þáttur innan skólasamfélagsins. Mikilvægt er að börnum gefist kostur á að taka þátt í að móta og hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi. Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun sem byggjast á virðingu fyrir mannréttindum og fléttast saman við aðra grunnþætti menntunar.

Gildi Grundaskóla eru samvinna, traust og virðing og eru þau höfð að leiðarljósi í öllu skólasamfélaginu. Unnið er eftir uppeldisstefnunni, *Uppeldi til ábyrgðar,* þar sem áhersla er lögð á ábyrgð nemenda eigin hegðun og á eigin námi. Þessi stefna er leið til að ýta undir jákvæð samskipti, að nemendur læri að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum, læri af mistökum sínum og þekki styrkleika sína og tileinki sér sjálfstjórn og sjálfsaga. Á hverju hausti vinnur hver bekkur að bekkjarsáttmála. Bekkjasáttmálarnir

# Grunnþættir menntunar

eru unnir á lýðræðislegan hátt og vinna nemendur eftir gildum þeirra.

Nemendur eru hvattir til að taka virkan þátt í skólastarfinu þar sem lögð er áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð, bæði í námi og í félagsstörfum. Á þann hátt hafa nemendur áhrif á skólasamfélagið t.d. með kosningu til nemendafélags, málþingi nemenda innan skólans og bæjarstjórnarfundi unga fólksins. Þar geta fulltrúar skólans komið skoðunum sínum á framfæri á gagnrýnan og uppbyggilegan hátt og tekið þátt í að móta framtíðarsýn skólasamfélagsins.

Nemendur taka árlega þátt í ýmsum samfélagsverkefnum sem stuðla að virku samstarfi við grenndar- og alþjóðasamfélagið og efla samábyrgð. Má þar nefna

- Söfnun fyrir ABC hjálparstarf
- Göngum til góðs (samstarfsverkefnið með Rauða krossinum)
- Gangbrautarvörslu í nágrenni skólans
- Malawí-söfnun og markað
- Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Í skólastarfinu öllu er áhersla lögð á traust, jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu milli starfsfólks, nemenda og skólasamfélagsins í heild sinni. Þannig stuðlum við að góðum skólabrag.

## *Jafnrétti*

Grundaskóli hefur unnið jafnréttisáætlun sem samþykkt var af Jafnréttisstofu. Áætlunin er til þriggja ára 2014-2017 og er vistuð á heimasíðu skólans (http://www.grundaskoli.is). Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis. Menntun til jafnréttis fjallar m.a. um hvernig aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, ætterni eða þjóðerni geta skapað mismunun í lífi fólks.

Í skólastarfinu skulu allir taka þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í þeim tilgangi að kenna börnum og unglingum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.

Mikilvægt er að stuðla að því að námsval nemenda verði ekki kynbundið og að ekki halli á kynin í þeim viðfangsefnum sem skólinn býður upp á. Jafnréttismenntun vísar til inntaks, námsaðferða og námsumhverfis. Nemendur skulu fá fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. er lögð áhersla á að búa þá undir jafna þátttöku í samfélaginu. Verkefni og viðfangsefni taka mið af aldri nemenda.

# Grunnþættir menntunar

## Sköpun

Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Í sköpun felst frumkvæði og löngun einstaklingsins til að skapa og hefur jákvæð áhrif á námsáhuga. Sköpun byggir á forvitni, áskorun, leit og jákvæðu hugarfari. Sköpun leiðir til þess að nemendur sjá eitthvað nýtt út úr því sem er til – bæta við og leita að nýjum möguleikum. Nemendur finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín bæði sem einstaklingar og sem hluti af heild. Gagnrýnin hugsun er veigamikill þáttur í sköpun sem og hæfileikinn og kjarkurinn til að fara út fyrir hið óþekkta. Nemendur læra að nýta sér tækifæri til að gera hlutina á sinn máta, finna eigin leiðir og lausnir. Sköpun þarf að vera til staðar í öllu starfi skólans, vera sem rauður þráður í gegnum alla vinnu í skólanum.

Í Grundaskóla er unnið með sköpun á margvíslegan hátt og hefur aldur nemenda m.a. áhrif á hvaða leiðir eða viðfangsefni verða fyrir valinu:

**Á yngsta stigi er áherslan á vinnu sem fer fram í gegnum:** Byrjendalæsi, Orð af orði þar sem nemendur spreyta sig sjálfir á viðfangsefninu, ýmis konar söguramma / þemavinnu, Stóru bókina í 1. - 2. bekk að ógleymdri frásagnarlist í Þórustíl hjá 4. bekk.

**Á miðstigi er áherslan á vinnu sem tengist:** Óskaveröldinni í 7. bekk, margs konar sögurömmum og þemavinnu, Víkingabókinni, Orði af orði og Upplestrarkeppni grunnskólanna á Akranesi.

**Á unglingastigi er áherslan m.a. á:** Útskriftarbók við lok grunnskóla í 10. bekk; söngleiki þar sem afurðin er mikilvæg en ferlið enn mikilvægara, fjölbreytta þemavinnu í unglingadeild sem inniheldur mikla skapandi vinnu; valbrautir; tungumálakennslu (myndbanda- og stuttmyndagerð í talverkefnum); Orð af orði, Ungir-gamlir, hátónsbarkann, smásagnasamkeppni og ljóð unga fólksins.

**Í list- og verkgreinum er lögð áhersla á:** Samvinnu við umsjónarkennara t.d. í tengslum við bækur, þemavinnu, söguramma. Einnig á verkefni sem unnin í list- og verkgreinum en haldið áfram með innií bekk.

Þótt margt sé vel gert og sköpunargleði nemenda og starfsmanna séu lítil takmörk sett má alltaf gera betur. Hluti af námskrárvinnunni felst í því að líta í eigin barm og velta stöðugt fyrir sér þeirri spurningu. Í skólastarfi Grundaskóla er lögð áhersla á skapandi vinnu og verkefni með nemendum.

Þegar litið er á skólastarfið í heild sinni með þátttöku allra nemenda endurspeglast sköpun m.a. í eftirtöldum þáttum:

- Árshátíð skólans
- Tónlist; samsöngur, bæði stór og lítill; kórar

# Grunnþættir menntunar

- Malaví-söfnunin, handverksmarkaður
- Uppeldi til ábyrgðar
- Jólakortasamkeppni
- Dagur íslenskrar tungu og stærðfræðidagurinn

Í gegnum skapandi skólastarf gefst nemendum tækifæri til að hafa áhrif á starf skólans með margvíslegum hætti. Verkefni unnin af nemendum eru sýnileg á veggjum og göngum skólans. Í skapandi starfi er ekki bara hugsað um það sem er nýtt heldur einnig lögð áhersla á að nýta það sem fyrir er, endurvinna og leita nýrra lausna.

## *Heilbrigði og velferð*

*- Heilbrigð sál í hraustum líkama*

Í öllu starfi Grundaskóla er vilji til að efla bæði andlega og líkamlega heilsu nemenda. Skólastarfið miðar að því að nemendur öðlist smám saman meiri færni til að bera ábyrgð á heilsu sinni. Það er sameiginlegt markmið að skólinn sæki stöðugt fram í viðleitni sinni til að búa til tækifæri til aukins þroska barnanna. Markmið heilbrigðis og velferðar eru tvinnuð saman við námsáætlanir og alla markmiðsetningu í öllum árgöngum. Grundaskóli hefur sótt um og verið samþykktur sem heilsueflandi grunnskóli. Í skólanum starfar teymi sem vinnur markvisst að því að efla skólann á þessu sviði í samstarfi við stjórnendur, starfsmenn, nemendur og foreldra þeirra.

Í skólanámskrárvinnunni var horft til þess hver hinn sameiginlegi skilningur á hugtökunum heilbrigði og velferð væri, hvað nú þegar væri gert í skólanum á þessu sviði og hvað mætti gera betur.

**Á yngsta stiginu er áherslan á:** Íþróttatíma, Hreyfistund í 1.-3. bekk, Norræna skólahlaupið, Vini Zippýs, Uppeldi til ábyrgðar, útiveru og hreyfingu, hollt nesti og mataræði, tónlist, Brúum bilið –verkefnið á milli leik- og grunnskóla, vordaga og hjóladaga í tengslum við móðurskólaverkefnið í umferðarfræðslu. En að auki eru árlega gerðar kannanir á líðan nemenda og einelti í tengslum við vitnisburð.

**Á miðstiginu er áherslan á:** Íþróttatíma, Norræna skólahlaupið, Uppeldi til ábyrgðar, útiveru og hreyfingu, hollt nesti og mataræði, tónlist, vordaga og hjóladaga í tengslum við móðurskólaverkefnið í umferðarfræðslu. Óskaveröldin kemur inn sem lokaverkefni 7. bekkjar. Að auki eru árlega gerðar kannanir á líðan nemenda og einelti í tengslum við vitnisburð.

**Á unglingastiginu er áherslan á:** Íþróttatíma, Norræna skólahlaupið, Uppeldi til ábyrgðar, útiveru og hreyfingu, hollt

# Grunnþættir menntunar

nesti og mataræði, tónlist, vordaga og hjóladaga í tengslum við móðurskólaverkefnið í umferðarfræðslu.. Að auki eru árlega gerðar kannanir á líðan nemenda og einelti í tengslum við vitnisburð að hausti. Til viðbótar er námskeiðsbrautin og samstarf við Brekkubæjarskóla og tónlistarskólann í vali á unglingastiginu. Lögð er áhersla á reyklausa bekki og Lífshlaupið. Í tengslum við breytingastarf á unglingastigi er heilmikið unnið með heilsutengd verkefni og ekki má gleyma Hvalfjarðarhjólatúrnum sem er orðinn fastur liður á vorin. Þá bregða starfsmenn, nemendur og foreldrar þeirra undir sig betri fætinum og hjóla fyrir fjörð! Nemendur í 10. bekk taka þátt í verkefni um raunveruleikabarnið þar sem þeir passa „ungabarn“ heila helgi en það verkefni er liður í kynfræðslu fyrir unglinga. Ýmis konar forvarnarstarf fer fram á unglingastiginu þar sem fjallað t.d. er um neyslu tóbaks, áfengis og annarra vímuefna.

Allt eru þetta verkefni sem má ætla að auki bæði heilbrigði og velferð og komin til að vera í skólastarfinu. Þessi verkefni eiga því öll fullt erindi inn í skólanámskrá Grundaskóla. Það er jafnframt mikilvægt og hollt að líta til framtíðar og velta fyrir sér hvaða stefnu skólinn vill taka á þessu sviði. Ætti áherslan að vera mest í því að festa þessi verkefni og hvar ætlum við svo að sækja fram?

Sóknarfærin eru á öllum stigum og nauðsynlegt er að bæta í og gera betur á sem flestum sviðum. Heilsueflandi grunnskóli er spennandi verkefni og þegar upp er staðið styður það vel við innihaldsríkara líf og styrkir einstaklinginn. Sterk sjálfsmynd er undirstaða frekara náms á öllum sviðum.

Það er mikilvægt að reyna alltaf að finna bestu lausnirnar þó svo að ekki sé hægt að framkvæma þær strax, vera alltaf á tánum. Auka þarf óformlegt nám. Styrkja þarf gagnrýna hugsun og í tengslum við *Uppeldi til ábyrgðar* að auka siðfræðikennsluna. Hjálpa nemendum að hafa það mikið sjálfstraust að þeir geti tekið upplýsta ákvörðun um sem flest mál.

Með nýrri aðstöðu í skólamötuneytinu hefur verið hægt að elda frá grunni í stað þess að kaupa eingöngu tilbúinn mat til upphitunar eins og gert hafði verið áður. Grundaskóli er heilsueflandi grunnskóli. Stefna skólans á sviði næringar er heildræn og tekur mið af ráðleggingum Embættis landlæknis. Stefnan nær einnig yfir næringu í skóladagvist Grundaskóla sem og á ferðalögum og uppákomum á vegum skólans. Nemendur fá fræðslu um hollt mataræði og þjálfun í matreiðslu. Samræmi er milli þess sem kennt er í skólanum um næringu og þess sem boðið er upp á í mötuneyti skólans. Starfsfólk í skólamötuneyti hefur viðeigandi menntun til að sinna sínu starfi og fær reglulega endurmenntun í málaflokkum tengdum starfinu.

# Hugmyndafræði og uppeldissýn í Grundaskóla

Grunnskólastarf byggir oftast á sérstökum uppeldisaðferðum og hugmyndafræðin er sótti í kenningar og rannsóknir ýmissa fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast. Grundaskóli er heilsueflandi grunnskóli og vinnur eftir markmiðum Lýðheilsustofnunar í þeim efnum. Í Grundaskóla er unnið eftir Uppbyggingarstefnunni *Uppeldi til ábyrgðar*. Grundaskóli hefur tekið ákvörðun varðandi heimanám sem byggir m.a. á hugmyndum Alfie Kohn. Grundaskóli vinnur í anda John Dewey um að nemendur læri með því að prófa sig áfram.

## *Grundaskóli – heilsueflandi grunnskóli frá árinu 2012*

Hugmyndin um heilsueflandi grunnskóla er byggð á Ottawasáttmála Alþjóðaheilbrigðis-málastofnunarinnar um heilsueflingu. Þar eru talin upp eftirfarandi sex grundvallaratriði: Stefnumið um heilsueflandi grunnskóla, skólaumhverfið, félagsumhverfi skóla, heilsuvitund nemenda og geta þeirra til breytinga, samfélagstengsl og skólaheilsugæsla.

**Stefnuviðmið** um heilsueflandi grunnskóla koma skýrt og greinilega fram, ýmist í skjalfestum gögnum eða viðteknum venjum sem efla heilsu og bæta líðan. Mörg slík stefnuviðmið lúta að því að efla heilsu og bæta líðan, t.d. þau sem snúast um að taka upp hollara mataræði í skólum og þau sem eiga að hindra einelti.

**Skólaumhverfið** lýtur hér að skólabyggingunum, lóðinni, tækjum og búnaði í og umhverfis skólann, t.d. hvernig byggingarnar eru hannaðar og staðsettar; hvernig dagsljósið berst inn í húsin og hvort nóg er um skuggsæla staði; hvort nóg pláss er fyrir líflega leiki og hvort ráð er gert fyrir að börnin geti sinnt heimanáminu og borðað hollan og góðan mat í skólanum. Skólaumhverfið lýtur líka að: grundvallarþægindum eins og salernum og þrifum á þeim til að hindra útbreiðslu sjúkdóma; drykkjarvatni og hvort hægt er að komast í það með hægu móti; hreinu lofti og öllum mengunarefnum, sýklum og öðru því sem skaðað getur heilsuna.

**Félagsumhverfi** skólanna lýtur að því hversu gott samband er milli starfsmanna og nemenda og milli nemenda innbyrðis. Samskiptin við foreldra og aðra í grenndinni hafa áhrif á félagsumhverfi skólanna.

**Heilsuvitund nemenda** og geta þeirra til breytinga lýtur bæði að formlegri og óformlegri kennslu og verklegum viðfangsefnum í sambandi við námið. Þar öðlast nemendur þekkingu og færni í samræmi við aldur og þroska og læra af reynslunni svo að þeir

# Hugmyndafræði og uppeldissýn í Grundaskóla

geti smám saman gripið til eigin ráða til að bæta heilsu og líðan sjálfra sín og annarra í námunda við sig og bætt um leið námsárangur sinn.

**Samfélagstengsl** snúast um sambandið milli skóla og fjölskyldna nemenda og sambandið milli skóla og helstu hópa og einstaklinga í grenndinni. Með því að ráðgast við og fá þessa aðila til samvinnu styrkist heilsueflingarstarf skólanna og nemendur og starfsmenn öðlast stuðning við aðgerðir sínar.

**Með Heilbrigðisþjónustu – skólaheilsugæslu** er átt við þá þjónustu sem veitt er innan skólans eða í tengslum við hann þar sem sinnt er heilbrigði og heilsugæslu barnanna og unglinganna hvers og eins (þar á meðal þeirra sem eru með sérþarfir). Í því felst að

- skoða og meta nemendurna með viðurkenndum og leyfilegum aðferðum;
- veita geðheilsuþjónustu (þ.á m. viðtöl) til að bæta félags- og tilfinningaþroska nemenda til að koma í veg fyrir og draga úr tálmum sem kunna að verða á vitsmunaþroska og námi.
- draga úr og koma í veg fyrir geðrænt og tilfinningalegt álag og bæta félagsleg samskipti.

Tilgangurinn með heilsueflandi skólum er m.a. að bæta námsárangur. Heilbrigðir nemendur eiga betra með að læra en þeir sem sjúkir eru. Frummarkmið skóla er að námsárangur nemendanna verði sem mestur. Framsæknir heilsueflandi skólar leggja mikið af mörkum til þess að skólarnir nái náms- og samfélagsmarkmiðum sínum.

Annað markmið heilsueflandi grunnskóla er að auðvelda aðgerðir til að bæta heilsuna með því að efla þekkingu nemenda á heibrigði og þjálfa þá í rökhugsun, félagsmálum og framkomu. Í skólanum gefast oft góð tækifæri til að flétta heilbrigðismál og heilsuumræður saman við meginviðfangsefnin, t.d. lestur og reikning og víkka þannig sjóndeildarhring nemenda.

Aðferðir heilsueflandi skóla auðvelda kennurum að útskýra fjölmörg almenn og sérhæfðari atriði í námsefninu og þjálfa nemendur í að finna lausnir á margvíslegum viðfangsefnum á heimavelli og á heimsvísu. Nemendurnir geta lært og þjálfað sig í ýmsum efnum, bæði handbragði, hugsun og framkomu, og þá líka heilsuhegðun, og allt þetta getur bætt námsgetu þeirra.

## *Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga (Restitution)*

Diane Gossen er upphafsmaður lífsleiknistefnunnar Uppeldi til ábyrgðar (Uppbyggingarstefnunnar). Diane er kanadísk og hefur kynnt *Uppeldi til ábyrgðar* mjög víða. Diane hefur m.a. unnið með

# Hugmyndafræði og uppeldissýn í Grundaskóla

aðferðir sínar út frá hugmyndum William Glasser um gæðaskólann (Quality School) og sjálfsstjórnarkenningu hans (Control Theory) en hún starfaði við stofnun Glassers í 20 ár. Í þessum kenningum Glassers felst að  læra að uppfylla grunnþarfinar á jákvæðan hátt. Diane styðst líka við heilarannsóknir (Eric Jensen) og mikilvægi þess að draga úr streituþáttum svo nemendur nái að nýta sér rökhugsun. Aðferðir frumbyggja N-Ameríku um að einstaklingurinn þarf að fá tækifæri til að læra af mistökum sínum eiga sér þarna stað sem og kenningar Alfie Kohn um neikvæð áhrif ytri umbunar.

Haustið 2006 fóru allir starfsmenn Grundaskóla á námskeiðið Uppeldi til ábyrgðar 1-2, uppbygging sjálfsaga. Námskeiðshaldarar voru Guðlaug Erla Gunnarsdóttir og Hildur Karlsdóttir starfsmenn við Álftanesskóla. Komu þær öðru hverju allan veturinn og stýrðu vinnunni. Strax var tekin sú stefna að námskeiðið yrði fyrir alla starfsmenn skólans því nauðsynlegt er að allir vinni saman að bættri agastjórnun. Stýrihópur var stofnaður og var Sigríður Ragnarsdóttir formaður hópsins. Auk hennar í hópnum voru Laufey Karlsdóttir, Borghildur Jósúadóttir, Hjördís Grímarsdóttir, Eygló Gunnarsdóttir og Guðrún Eiríksdóttir. Á þessu fyrsta ári voru fulltrúar allra stiga í hópnum, fulltrúi list – og verkgreinakennara og fulltrúi skólaliða. Haustið 2006 fóru 3 fulltrúar úr hópnum á námskeið til Judy Andersson og Diane Gossen í Minneapolis og haustið 2007 fór allur hópurinn á framhaldsnámskeið. Vorið 2009 fóru síðan starfsmenn skólans til Minneapolis á námskeið um *Uppeldi til ábyrgðar* og má segja að þar með hafi þessi lífsleiknistefna orðið sameiginleg eign skólasamfélagsins. Ekki er lengur formlegur stýrihópur að störfum en þeir sem hann skipuðu á sínum tíma hafa sinnt fræðslu um *Uppeldi til ábyrgðar* gagnvart foreldrum og nýjum starfsmönnum.

Meginmarkmið lífsleiknistefnunnar (Uppbyggingarstefnunnar) er að kenna börnum og starfsfólki sjálfsaga og sjálfstjórn auk þess að styrkja sjálfsmyndina. Uppeldi til ábyrgðar leggur áherslu á lífsgildi fremur en reglur, ábyrgð á eigin orðum og gerðum fremur en blinda hlýðni. Reynt er að koma til móts við nemendur og starfsfólk með því að hugsa út frá þörfum þeirra og gera allt sem hægt er til að allir fái notið sín á jákvæðan hátt. Unnið er með sameiginleg lífsgildi, jákvæðan aga og litið er svo á að mistök séu til að læra af þeim.

Grundaskóli hefur reynt að nota sem flest úr stefnunni en lagt áherslu á eftirfarandi:

- **Stutt inngrip – Hvernig finnst okkur best að talað sé við okkur?** Við temjum okkur að tala við aðra eins og við viljum að talað sé við okkur.  Það skiptir máli hvernig hlutir eru lagðir upp og sagðir og því lærum við stutt inngrip í formi spurninga og fullyrðinga til að skapa notalegt andrúmsloft

# Hugmyndafræði og uppeldissýn í Grundaskóla

*Hvað áttu að vera að gera núna?*
*Hvað get ég gert til að hjálpa þér?*
*Er í lagi með það sem þú ert að gera núna?*
*Er það sem þú ert að gera núna til að hjálpa eða hindra?*

*Þú virðist vera í vandræðum, get ég hjálpað?*
*Hver er reglan?*
*Viltu finna betri leið? Hvernig get ég hjálpað þér?*
*Hvenær ertu til búinn að byrja?*

(Hvað áttu að vera að gera núna? Hvað get ég gert til að hjálpa þér? Er í lagi með það sem þú ert að gera núna? Er það sem þú ert að gera núna til að hjálpa eða hindra? Þú virðist vera í vandræðum, get ég hjálpað? Hver er reglan? Viltu finna betri leið? Hvernig get ég hjálpað þér? Hvenær ertu til búinn að byrja?)

- **Hlutverk /starfslýsing nemenda og kennara** – Umræður um öll hlutverk/starfslýsingar innan skólans og sameiginleg niðurstaða skráð. Hver á að gera hvað og hver á ekki að gera hvað?
- **Grunnþarfirnar** - Að kynnast eigin þörfum og annarra og skilja að hegðun stjórnast af þörfunum okkar. Nauðsynlegt er að læra að koma til móts við okkar eigin þarfir án þess að traðka á annarra þörfum. Grunnþarfirnar eru: áhrifsþörf, frelsisþörf, umhyggjuþörf, gleðiþörf og öryggisþörf.
- **Bekkjarsáttmáli** - lífsgildin. Umræður um gildi sem skipta máli og bekkurinn kemur sér saman um. Sáttmálinn hjálpar til við að skapa umhverfi þar sem nemendur finni sig örugga í hópnum (Hvernig viljum við hafa bekkinn okkar? Á hvernig vinnustað vil ég vinna? Hvernig manneskjur viljum við vera?)
- **5 vonlaus viðbrögð** – Ásakanir, afsakanir, skammir, tuð og uppgjöf skila engu. Það er alltaf betra að nota uppbyggingu og horfa fram á veginn Við gerum öll mistök og við lærum af mistökum okkar. Segjum ,,já" eins oft og við getum. Það skapar jákvæðan anda.
- **Friðarborðið** – Það getur skipt máli hvernig úr málum er leyst. Að nota friðarborðið er leið sem gefur öllum tækifæri til að segja sitt álit. Farið er í gegnum ákveðið ferli og hópurinn kemst að sameiginlegri niðurstöðu (Enginn er fullkominn, allir fá að segja frá, segja sannleikann, forðast ásakanir, afsakanir, skammir, tuð og uppgjöf, hlusta án þess að grípa fram í, skrifa niður hugmyndir og velja bestu lausnina).
- **Skýr mörk** – eru ákveðin umgjörð til að tryggja vinnufrið og öryggi í skólanum. Kennarafundur hefur samþykkt eftirfarandi skilgreiningu á skýrum mörkum:
  - *Óásættanleg hegðun sem truflar nám eða ógnar öryggi leiðir af sér að nemandi missir tímabundið réttinn að vera í hópnum. Undir óásættanlega hegðun fellur andlegt og/eða líkamlegt ofbeldi og vímuefni.*

Uppeldi til ábyrgðar hefur haft jákvæð áhrif á skólastarfið og skólabraginn. Þar að auki falla áhersluþættir *Uppeldis til ábyrgðar* alveg að markmiðum nýrrar aðalnámskrár um skólabrag. Í námskránni segir m.a. að nemendur þurfi að tileinka sér í daglegu lífi ýmsa þætti til þess að vera virkir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi, þ.á.m. samskiptahæfni, virðingu, umburðarlyndi og skilning á uppbyggingu lýðræðislegs þjóðfélags. Nemendur þurfa að læra að umgangast hvern annan og allt starfsfólk skóla í sátt og

# Hugmyndafræði og uppeldissýn í Grundaskóla

samlyndi og taka ábyrgð á eigin framkomu og hegðun og virða skólareglur. Leggja þarf áherslu á námsaga og sjálfsaga nemenda. Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum s.s. einelti og öðru ofbeldi. Leggja þarf áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag og góðan vinnuanda. Með *Uppeldi til ábyrgðar* er unnið með skipulegum hætti að því að efla jákvæðan skólabrag í samstarfi við nemendur, foreldra, starfsfólk og aðra aðila að skólasamfélaginu.

## John Dewey – uppgötvunarnám

Grundaskóli vinnur í anda hugmyndafræði Johns Dewey um uppgötvunarnám, þ.e. að börn læri með því að prófa sig áfram. Uppgötvunarnámið felst í að rannsaka, skoða, kanna, draga ályktanir og læra af niðurstöðum. Börnum er eiginlegt að læra að mati Dewey og því eiga þau að vera virkir þátttakendur í eigin námi; læra af eigin reynslu og af athöfn. Kínverski heimspekingurinn Konfusius sagði einhvern tíma: Segðu mér og ég gleymi, sýndu mér og ég man, leyfðu mér að prófa og ég skil.

Dewey lagði áherslu á lausnamiðað nám sem byggir á fenginni reynslu og þekkingu. Vinnuferlið sjálft er lærdómsríkara en afurðin eða lausnin. Þekkingin verður ekki til vegna lausnarinnar sjálfrar heldur vegna þess sem gerist við að leita hennar. Mikilvægt er að virkja athafnagleði barna, forvitni þeirra og gagnrýna hugsun.

Nám og kennsla í Grundaskóla tekur mið af þessum þáttum og lögð er áhersla á að nemendur fái að njóta sín í námi og starfi sem einstaklingar með ólíkar þarfir og langanir.

**Segðu mér og ég gleymi,**
**sýndu mér og ég man,**
**leyfðu mér að prófa og ég skil.**

## Heimanám

Heimanám hefur til skamms tíma verið stór þáttur í námi allra barna. Nánast á hverjum degi reyna nemendur og foreldrar að mæta kröfum skóla um heimanám. Almennt virtust kennarar og foreldrar vera sammála um mikilvægi þessa verkefnis og að vinna sem nemendur unnu heima, oftast við eldhúsborðið, hefði mikið gildi fyrir námsárangur viðkomandi barns. Sú tiltrú byggir þó ekki á menntarannsóknum eða tilteknum sannindum heldur nær eingöngu til einhvers konar tilfinningar um að þetta skipti máli. Ekki er hér gert lítið úr þeirri tilfinningu en bent á þá staðreynd að lítil umræða hefur farið fram um heimanám barna og sjaldnast eru færð fram rök fyrir því hvers vegna það er jafn stór þáttur af náminu og raun ber vitni. Margar erlendar rannsóknir benda þó til að ekki sé samhengi á milli heimanáms og námsárangurs. Bandarískur skólamaðurinn Alfie Kohn hefur skrifað margar bækur og enn fleiri pistla um heimanám og telur gagnsemi þess stórlega ýkta (www.alfiekohn.org/teaching/rethinkinghomework.htm )

# Hugmyndafræði og uppeldissýn í Grundaskóla

Í lögum og reglugerðum um skólamál, til að mynda lögum um grunnskóla, finnst lítið um heimanám. Hvergi er kveðið á um að það sé hluti af starfi grunnskólans að úthluta nemendum heimavinnu né er þar að finna skilgreiningar á heimanámi eða skýringar á því í hverju það felst. Í daglegri umræðu er heimanám bara heimanám og ekki orð um það meir. Svona var þetta þegar foreldrarnir voru í skóla og svona hefur þetta alltaf verið. Í aðalnámskrá grunnskóla er aftur á móti talað um mikilvægi samstarfs heimila og skóla. Þar segir meðal annars að upplýsingagjöf á milli heimila og skóla og samráð kennara og foreldra um nám og kennslu sé mikilvæg forsenda fyrir árangursríku skólastarfi. Einnig að virk þátttaka foreldra í námi og starfi barna þeirra sé forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barnanna.

Starfsfólk Grundaskóla hefur um nokkurn tíma rætt tilgang og markmið heimanámsins. Niðurstaðan er sú að árangur af heimanámi sé ekki sjálfgefinn og afar mikilvægt sé að heimanám mismuni ekki nemendum. Árangur af heimanámi tekur skiljanlega mið af mörgum breytum. Má þar nefna aldur nemandans, námsgrein, heimilisaðstæður, framsetningu o.s.frv. Öðru máli gegnir um lestur heima. Lestur er lykill að góðum námsárangri og tilvalið samstarfsverkefni heimilis og skóla. Niðurstöður fjölda rannsókna sýna einnig að samvera foreldra og barna skiptir miklu máli. Gæðastund fjölskyldu er hverjum einstaklingi ómetanleg.

Í samræmi við þetta er mikilvægt að heimanám sé sem fjölbreyttast og taki mið af hæfileikum og getu hvers og eins. Staðlað heimanám sem byggir á forsendum kennslubókarinnar hentar ekki öllum nemendum. Kennarar og skólafólk almennt horfast í augu við þá staðreynd að hluti heimila er af ýmsum ástæðum ekki í stakk búin til að aðstoða við heimanám til dæmis vegna tungumáls, menntunar, atvinnu eða heilsu. Við slíkar aðstæður er nemendum og fjölskyldum mismunað. Það er óásættanlegt og raunar í beinni andstöðu við aðalnámskránna sem leggur fyrir að ekki megi mismuna nemendum.

Á síðustu árum hefur starfstími skóla lengst. Þrátt fyrir það eru fáar vísbendingar um að heimanám hafi minnkað heldur þvert á móti bendir ýmislegt til þess að aukin áhersla hafi færst á heimanámið. Starfsmenn Grundaskóla hafa skoðað í hvað kennslutímanum er varið og hvernig hann er nýttur. Að því búnu er lagt til að meiri áhersla verði á vinnu nemenda á skólatíma og minni eða engin á vinnu heima. Með öðrum orðum er meiri áhersla á dagvinnu en dregið úr yfirvinnu ef svo má að orði komast.

Í íslenskum skólum hefur hefðin verið sú að kennarar ákveða nánast einhliða hvort heimanám sé lagt fyrir og í hve miklu mæli. Sjaldnast hefur verið samráð við foreldra eða nemendur. Í ljósi þessa er fróðlegt að spyrja á hvaða faglegu forsendum heimanámið er byggt og hvert er markmið þess? Er heimanám byggt þannig upp að það geri ráð fyrir aðkomu foreldra eða eru nemendur að

# Hugmyndafræði og uppeldissýn í Grundaskóla

klára verkefni sem þeir hafa byrjað á en ekki tekist að ljúka í skólanum?

Ekki má skilja viðhorf okkar sem svo að allt heimanám sé slæmt. Heimanám getur átt rétt á sér en innihald þess og skipulag skiptir öllu máli. Það verður sömuleiðis að taka tillit til þess hve langur skóladagurinn er, tómstundaiðkunar og atvinnu foreldra. Hvað þýðir eiginlega að vinna fullan vinnudag? Það er mikilvægt að muna að börn eiga líka rétt á frítíma og það er ekki sjálfgefið að skólinn ráðstafi samveru foreldra og barna. Allt nám verður að byggja upp í samráði og samstarfi.

Það er stefna Grundaskóla að lestrarfærni sé forsenda annars náms og því er lögð áhersla á að allir nemendur nái góðri lestrarfærni sem þeir geta nýtt sér til gagns og gamans. Um það þarf að vera samstarf heimilis og skóla.

## *Umferðarfræðsla*

Grundaskóli er móðurskóli í umferðarfræðslu og hefur verið frá árinu 2005. Hlutverk skólans er að vera öðrum grunnskólum á Íslandi til fyrirmyndar og til ráðgjafar á sviði umferðarfræðslu.

Umferðarfræðslan kemur inn í skólastarfið á ýmsum stöðum og er samþætting við aðrar námsgreinar undirstaða þess að fræðslan fái sinn sess í skólastarfinu. Skólinn hvetur nemendur til að koma gangandi eða hjólandi í skólann, þannig minnkar umferð í kringum skólasvæðið og öryggi allra eykst.

Nokkur árviss verkefni tengd umferðarfræðslunni eru á hverju stigi. Í 1. – 10. bekk er mikið unnið í samvinnu við eldri nemendur. Unnið er með öruggustu leiðina í skólann, örugg leiksvæði, merkingu og túlkun umferðarmerkja, að rata um umhverfi sitt, hjólreiðar, hjóladaga og fl.

Skólinn gefur einnig öllum nemendum 1. bekkjar endurskinsvesti til eignar ásamt því að allir nemendur fá endurskinsmerki að gjöf einu sinni á hverju skólaári.

# Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi

Námsmat miðar að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi sem hafa má að leiðarljósi við skipulagninu náms.

Unnið hefur verið að því á undanförnum árum að endurskoða námsmatsaðferðir Grundaskóla með tilliti til nýrrar aðalnámskrár þar sem markmiðið er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár og metið hvernig örva megi þá til framfara eða hvers konar aðstoð þeir þurfa. Á hverju skólaári er unnið með einstaklingsmiðað og fjölbreytt námsmat, sem er sanngjarnt, hvetjandi og í stöðugri endurskoðun. Í slíkri vinnu felst m.a. nákvæmari skilgreining námsmats og námsmatsaðferða sem og skilvirkari skráning námsmatsupplýsinga.

Við endurskoðun skólanámskrár Grundaskóla var lögð rík áhersla á tengsl námsmarkmiða, kennsluhátta og námsmats. Námsmatsaðferðir verða að hæfa markmiðum og endurspegla kennsluhætti. Námsmat verður að setja fram þannig að nemendur og foreldrar skilji hvað við er átt. Ljóst þarf að vera hvaða markmið eiga í hlut og hvaða viðmið um frammistöðu voru notuð. Nemendur eru ólíkir og þeim henta ólíkar kennsluaðferðir. Af því leiðir að það henta ólíkar aðferðir við mat á námi þeirra.

Frá og með haustinu 2015 verður skólanámskrá Grundaskóla birt í rafrænni útgáfu á heimasíðu skólans. Skólanámskráin er stefnuskrá skólans um allt sem viðkemur skólastarfinu. Kennsluáætlanir einstakra árganga og námsgreina verða sendar foreldrum. Þær verða a.m.k. fjórar á hverju ári fyrir hvern árgang og hverja námsgrein; tvær að hausti og tvær að vori. Í kennsluáætlun koma fram viðfangsefni tímabilsins, yfirmarkmið, þekkingar- og leiknimarkmið, kennsluaðferðir og verklag, hæfniviðmið og námsmat. Með þessu móti fá bæði nemendur og foreldrar skýrar og greinargóðar upplýsingar um námið og markmið þess.

Foreldraviðtöl eru að minnsta kosti tvisvar á skólaárinu. Nemendur koma með foreldrum í viðtölin. Foreldrar fá umsagnir sendar heim áður en þeir koma í viðtalið svo þeir geti kynnt sér efni þeirra og undirbúið sig. Í vitnisburði að hausti er farið yfir námslega stöðu en aðaláhersla lögð á líðan. Í vitnisburði að vori er meiri áhersla lögð á námslega stöðu en einnig rætt um líðan nemenda. Í list- og verkgreinum eru umsagnir gefnar um leið og hverri lotu lýkur. Þær eru vistaðar í Mentor og eru opnar foreldrum og nemendum. Frá og með skólaárinu 2015-2016 verður tekið í notkun nýtt námsupplýsingakerfi frá Mentor. Einnig verður fyrirkomulagi foreldraviðtala breytt og þeim dreift yfir skólaárið. Ekki verður lengur um formleg vitnisburðartímabil að ræða.

# Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi

## Viðmið um þekkingu, leikni og hæfni

Áður hefur verið getið um grunnþættina sex og hvernig þeir birtast í námi og kennslu í Grundaskóla. Eitt af meginmarkmiðum náms í grunnskóla er alhliða þroski og almenn menntun einstaklingsins. Sérhver nemandi þarf strax á unga aldrei að búa sig undir aðmenntun er æviverk. Það þarf því að skilgreina þá hæfni sem að er stefnt allt frá upphafi skólagöngu þegar lagður er grunnur að heildstæðri almennri menntun. Hæfni snýr að nemandanum sjálfum og er nemendamiðuð útfærsla á grunnþáttum og áhersluþáttum.

**Þekking, leikni og hæfni eru lykilhugtök í aðalnámskrá grunnskóla.** Hugtakið hæfni felur í sér þekkingu og leikni og er samofið siðferðilegum viðhorfum nemenda. Nám í grunnskóla þarf að taka til allra þessara þátta þar sem tekið er mið af aldri og þroska nemenda.

**Þekking** er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt. Þekkingar er aflað með því að horfa, lesa, hlusta á, ræða eða með upplifun og reynslu í gegnum athafnir. Þekking er greind með því að ræða, flokka og bera saman. Þekkingu er miðlað með fjölbreyttum tjáningarformum svo sem munnlega, skriflega eða verklega.

**Leikni** er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta beitt aðferðum, verklagi og rökréttri hugsun. Leikni er aflað með notkun á aðferðum og þjálfun í verklagi. Leikni felur í sér greiningu með vali milli aðferða og skipulag verkefna. Leikni er miðlað með því að beita vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum mismunandi tjáningarforma.

**Hæfni** felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni. Hæfni gerir kröfur um ábyrgðartilfinningu, virðingu, víðsýni, sköpunarmátt, siðferðisvitund og skilning einstaklingsins á eigin getu. Einnig skiptir sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum máli. Hæfni felur í sér greiningu nemandans á eigin þekkingu og leikni með því að bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir og rökstyðja. Hæfni til að greina byggist á gagnrýninni hugsun og faglegri ígrundun. Hæfni er miðlað með margvíslegum tjáningarformum þar sem vitsmunalegri, listrænni og verklegri þekkingu og leikni er fléttað saman við siðferðilegt og samfélagslegt viðhorf einstaklingsins. Hæfni gerir kröfu um sköpunarmátt, ábyrgð og virkni.

## Námsmat

Mat á hæfni og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því

# Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi

hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Námsmat á einnig að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, hæfni þeirra, vinnubrögð og framfarir, sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms

Gera skal grein fyrir námsmatsviðmiðum og matskvarða í skólanámskrá þannig að nemendum, foreldrum og öllum starfsmönnum skóla sé ljóst hvaða kröfur eru gerðar og hvernig skólinn hyggst meta hvernig þær eru uppfylltar. Þeir sem í hlut eiga; nemendur, foreldrar, kennarar og annað starfsfólk skóla, þurfa allir að geta skilið niðurstöður námsmats á svipaðan hátt. Það er forsenda þess að unnt sé að nýta upplýsingarnar til að bæta nám og kennslu.

## *Fjölbreytt námsmat*

Markmið skólastarfs eru margvísleg og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim og því verða matsaðferðir að vera fjölbreyttar. Þær verða að hæfa hæfniviðmiðum, endurspegla áherslur í kennslu og taka mið af nemendahópnum. Námsmat á að vera áreiðanlegt, heiðarlegt og sanngjarnt gagnvart nemendum. Meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af hæfniviðmiðum í aðalnámskrá.

Í Grundaskóla er lögð áhersla á leiðsagnarmat og símat. Foreldrar fá greinargóðar upplýsingar í gegnum Mentor. Form námsmatsverkefna er fjölbreytt og í samræmi við kennslutilhögun og höfðar til sem flestra matsþátta. Þannig eru metin munnleg verkefni, verkleg og skrifleg, myndræn, stuttar afmarkaðar æfingar og dýpri athuganir, einstaklingsverkefni og hópverkefni, verkefni sem unnin eru á afmörkuðum tíma og óafmörkuðum og próf af ýmsu tagi. Mappa eða vinnubók, þar sem nemandi safnar saman verkefnum og úrlausnum, t.d. með rafrænum hætti, getur hentað vel til að fá yfirsýn yfir það hversu vel nemandinn hefur unnið, ástundun, virkni, vinnubrögð, framfarir nemenda og félagsfærni. Í kennsluáætlunum skal koma fram hvernig námsmati er háttað.

Námsmat þarf að taka tillit til sérþarfa nemenda og sértækra námsörðugleika þeirra. Skólum ber að gera það sem unnt er til þess að koma til móts við þarfir hlutaðeigandi nemenda í þessu efni. Nemendur eiga rétt á að námsmat sé lagað að þörfum þeirra þegar við á, m.a. með lengri próftíma, sérhönnuðum prófum, notkun hjálpargagna, aðstoð og munnlegu námsmati. Glími nemendur við lestrarörðugleika er æskilegt að leggja verkefnin fyrir þá munnlega eða með öðrum viðeigandi hætti í samræmi við sérþarfir nemandans.

Í námsmati í grunnskóla skal leggja mat á hæfni nemenda

# Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi

innan hvers námssviðs og á það við jafnt í bóklegu námi, verk- og listnámi. Í köflum um námsgreinar eða námssvið í aðalnámskrá verða útfærð viðmið um mat á viðkomandi námssviði. Einnig skal innan hvers námssviðs leggja mat á hæfni nemenda sem byggist á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Slík hæfni er nefnd lykilhæfni við námsmat í lok grunnskóla (sjá Aðalnámskrá grunnskóla *http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/*).

Viðmið um mat á lykilhæfni í grunnskóla eru sett fram í fimm liðum sem eru sameiginlegir öllum námssviðum:

## 1. *Tjáning og miðlun*

sem er hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt; hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.

***Við lok 4. bekkjar getur nemandi:***

- Tjáð hugsanir sínar og skoðanir og sett þær fram á viðeigandi hátt
- Hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum
- Tjáð sig á þann hátt sem við á og notað þann orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni
- Gert grein fyrir hugsunum sínum, skoðunum og þekkingu á þann hátt sem við á hverju sinni

***Við lok 7. bekkjar getur nemandinn:***

- Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum
- Hlustað eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggt upp röksemdarfærslu í máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða
- Tjáð sig og lagað efni að kröfum eða þörfum viðmælenda og notað viðeigandi hugtök og orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni
- Gert grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunu og tilfinningum á þeann hátt sem við á hverju sinni

***Við lok 10. bekkjar getur nemandinn:***

- Tjáð hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt
- Brugðist við upplýsingum og hugmyndum sem eru á margvíslegu formi með rökum, tekið þátt í rökræðum um viðfangsefni og rökstutt mál sitt af yfirvegun og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða
- Rætt á viðeigandi og skýran hátt um málefni þannig að

# Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi

áhugi viðmælenda sé vakinn, notað orðaforða á fjölbreyttan hátt og hugtök sem tengjast margskonar umfjöllunarefni
- Nýtt fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á skipulegan og skýran hátt eins og við á hverju sinni

## 2. Skapandi og gagnrýnin hugsun

sem er hugsun og frumkvæði í efnistökum og úrvinnslu, hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu.

***Við lok 4. bekkjar getur nemandi:***
- Skipulagt efnistök og aðferðir við úrlausn verkefna
- Tekið þátt í að skilgreina viðmið um árangur
- Gert sér grein fyrir að hægt er að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausna og að læra má af mistökum og nýta það á skapandi hátt
- Greint á milli staðreynda og skoðana
- Endurskoðað úrlausn viðfangsefna frá mismunandi sjónarhornum á skapandi hátt

***Við lok 7. bekkjar getur nemandinn:***
- Spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistök og úrlausn verkefna
- Skilgreint viðmið um árangur
- Lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt
- Áttað sig á mismunandi túlkunum og greint á milli staðreynda og skoðana með rökum
- Vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt

***Við lok 10. bekkjar getur nemandinn:***
- Spurt rannsakandi spurninga, skipulagt eigin áætlun og endurskoðað ferli við efnistök og úrvinnslu verkefna
- Skilgreint og rökstutt viðmið um árangur
- Óhikað nýtt sér mistök og óvæntar niðurstöður á gagnrýninn og skapandi hátt og séð í þeim nýja möguleika
- Tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og gefið þeim merkingu
- Beitt mismunandi sjónarhornum, gagnrýninni hugsun við mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt

# Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi

## 3. Sjálfstæði og samvinna

sem er hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

***Við lok 4. bekkjar getur nemandi:***

- Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á
- Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum
- Unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi innan skóla
- Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi
- Tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélaginu
- Tekið leiðsögn á jákvæðan hátt

***Við lok 7. bekkjar getur nemandinn:***

- Gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það
- Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína
- Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skólans
- Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum
- Haft áhrif á skólasamfélagið á virkan hátt bæði í leik og starfi
- Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt

***Við lok 10. bekkjar getur nemandinn:***

- Tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum
- Gert sér grein fyrir hvernig hann nýtir styrkleika sína og hefur skýra sjálfsmynd
- Unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skólans
- Verið leiðandi í samstarfi og borið ábyrgð þegar útfærðar eru leiðir að sameiginlegum markmiðum
- Tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og beitt henni

## 4. Nýting miðla og upplýsinga

sem er hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt.

***Við lok 4. bekkjar getur nemandi:***

- Leitað og sótt gagnlegar upplýsingar úr ólíkum miðlum

# Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi

- Notað miðla við nýsköpun, hugmyndavinnu og kynningu efnis nokkuð sjálfstætt
- Sýnt ábyrgð í meðfeð upplýsinga og gert sér grein fyrir gildi ábyrgrar netnotkunar

***Við lok 7. bekkjar getur nemandinn:***

- Notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings í námi
- Notað ýmsa miðla við nýsköpun, þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda
- Sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða verkefnavinnu og nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð

***Við lok 10. bekkjar getur nemandinn:***

- Nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga og til stuðnings í námi
- Notað fjölbreytta miðla við skipulag, nýsköpun og þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda sjálfstætt og í samvinnu við aðra
- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og heimilda og gert sér grein fyrir siðferðislegu gildi ábyrgrar netnotkunar og borið ábyrgð á eigin samskiptum á neti og netmiðlum

## 5. *Ábyrgð og mat á eigin námi*

sem er hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

***Við lok 4. bekkjar getur nemandi***

- Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvað hann getur betur gert í náminu
- Sett sér markmið í náminu með aðstoð
- Tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár

***Við lok 7. bekkjar getur nemandinn:***

- Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hverni hann getur nýtt sér þá í námi
- Sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim
- Skipulagt eigin nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár

***Við lok 10. bekkjar getur nemandinn:***

- Gert sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt í námi og haft skýra sjálfsmynd
- Sett sér raunhæf markmið um frammistöðu og framvindu

# Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi

eigin náms, unnið eftir þeim og lagt mat á hvernig til hefur tekist

- Skipulagt og borið ábyrgð á eigin námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár, skipulagt og endurskoðað með tilliti til mats á árangri

Vissa þætti í menntun í grunnskóla er erfitt að meta. Dæmi um slíka þætti eru siðgæði og siðferðileg viðhorf, jafnrétti, lýðræði, mannréttindi, borgaravitund, sjálfbærni og heilbrigði. Skólar skulu sjálfir móta leiðir til að meta slíka þætti en sjálfsmat nemenda, jafningjamat, foreldramat og mat á skólabrag geta hentað sem hluti af innra mati skóla. Hafa verður hugfast að sum markmið eru þess eðlis að ekki kemur fram fyrr en síðar á lífsleiðinni hvort þeim var náð eða ekki. Í Grundaskóla hefur verið valin sú leið að nota leiðsagnarmat í þessum tilgangi en þar að auki er sjálfsmat og foreldramat fastir liðir í námsmati innan skólans. Einkunnir eru gefnar í tölum frá 7. bekk en fram til þess einkum í umsögnum. Lestrarpróf eru reglulega lögð fyrir og fá nemendur upplýsingar um atkvæðafjölda á mínútu. Lokaeinkunn í 10. bekk skal gefin í bókstöfum samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla. Heimilt er að nota þann einkunnaskala einnig fyrir aðra nemendur.

Innan hvers námssviðs er sérstakur matskvarði skilgreindur í fjórum flokkum, A–D. Með honum er annars vegar lagt mat á hvernig nemendum gengur að ná hæfniviðmiðum hvers náms-

| Kvarði | Námssvið | Lykilhæfni |
|---|---|---|
| A | Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða náms-sviðs. | Framúrskarandi hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni. |
| B | Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum náms-greinar eða námssviðs. | Góð hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni. |
| C | Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða náms-sviðs. | Sæmileg hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni. |
| D | Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða náms-sviðs. | Hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni ábótavant. |

# Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi

sviðs og hins vegar lykilhæfni nemenda sem lýst er hér að framan. Matskvarðann ber að nota við brautskráningu nemenda úr grunnskóla. Einnig má nota hann við lok 4. og 7. bekkjar og almennt í námsmati. Kvarðann má laga að þörfum skólans og aðstæðum hverju sinni.

Kennarar þurfa að hjálpa nemendum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim. Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skal stefna. Nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.

## Stöðluð próf og skimunarpróf í grunnskóla

Skólar skulu eiga aðgang að greinandi prófum og öðrum matstækjum sem auðvelda könnun á tilteknum þáttum náms og kennslu þar sem hægt er að nota niðurstöður til að veita nemendum leiðsögn og kennslu við hæfi. Stöðluð próf, t.d. lestrarpróf, lesskimunarpróf, málþroskapróf, stærðfræðipróf og hreyfiþroskapróf sem spá fyrir um hugsanlega námsörðugleika, staðlaðir spurningalistar og fleiri slík matstæki geta reynst afar gagnleg hjálpartæki til að greina erfiðleika snemma á skólagöngunni og auka líkur á að ráðin verði bót á þeim með skipulegum aðgerðum.

Grundaskóli nýtir aðferðir Byrjendalæsis í upphafi skólagöngunnar. Þar fer fram skipulagt mat þar sem nemendahópar eru bornir saman við jafnaldra sínu annars staðar á landinu. Orðarún er lagt fyrir nemendur í 3.-8. bekk og GPR-14 lestrarprófið er lagt fyrir nemendur í 9. bekk. Fyrir nemendur sem koma illa út í lestri er málþroskaprófið TOLD lagt. LOGOS heitir greiningartæki sem ætlað er til að meta hvort nemandi er með dyslexiu. Sérkennarar skólans nota það. Talnalykill er greiningarpróf í stærðfræði sem sérkennarar skólans mega nota.

## Útskrift úr grunnskóla

Foreldrar geta óskað eftir því við skólastjóra grunnskóla að barn þeirra sé útskrifað úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið, telji foreldrar að viðkomandi nemandi hafi forsendur til að innritast í framhaldsskóla. Skólastjóri skal ráðfæra sig við umsjónarkennara nemandans og sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins áður en hann tekur ákvörðun í málinu. Skólastjóri metur hvenær nemandi hafi lokið grunnskólanámi og ber ábyrgð á útskrift hans úr grunnskóla. Nemanda ber að ljúka öllu skyldunámi samkvæmt

# Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi

aðalnámskrá grunnskóla með framúrskarandi árangri áður en hann útskrifast þaðan, samanber eftirfarandi viðmið:

- Nemandi uppfylli viðmið með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár með framúrskarandi árangri
- Nemandi hafi fengið náms- og starfsráðgjöf
- Skólastjóri, umsjónarkennari og sérfræðiþjónusta telji útskrift ráðlega
- Nemandi hefur félagsþroska til að takast á við félagslegt umhverfi framhaldsskóla

Nemendur sem ekki hafa lokið grunnskólanámi geta þó hafið nám í framhaldsskóla samhliða í samráði við foreldra, viðkomandi framhaldsskóla og viðkomandi sveitarfélag þar sem ljóst sé hvernig námið er formlega metið. Samkvæmt grunnskólalögum er gert ráð fyrir að nánar sé samið um framkvæmd og fyrirkomulag milli hlutaðeigandi grunn-og framhaldsskóla. Grundaskóli á mjög gott samstarf við Verslunarskóla Íslands þaðan sem fjölmargir nemendur hafa lokið framhaldsskólaáföngum á liðnum árum einkum í stærðfræði, dönsku og ensku.

Ef skólastjóri synjar foreldrum um útskrift úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið geta þeir kært þá synjun grunnskóla til mennta- og menningarmálaráðuneytis sem úrskurðar í málinu.

## *Mentor*

Grundaskóli notar hugbúnaðarkerfi frá Mentor til skráninga og gagnavörslu. Frá og með skólaárinu 2015-2016 verður tekið upp nýtt kerfi sem fyrirtækið hefur unnið að og gengur undir nafninu K3 en er í raun nýtt námsupplýsingakerfi.

Nokkur umræða hefur verið innan skólans um notagildi Mentor. Þrátt fyrir augljósa kosti hefur það að sumu leyti ekki hentað nógu vel námsmati skólans þar sem mikil áhersla er lögð á leiðbeinandi umsagnir og einstaklingsmiðun. Fram til þessa hefur nemandi fengið í hendur útprentaðan vitnisburð tvisvar á ári. Foreldrum og nemendum finnst gott að hafa slíkt yfirlit um framgang námsins sem hægt er að geyma um ókomin ár. En hins vegar þykir ekki gott að vinna umsagnir í í Mentor af ýmsum ástæðum. Markmiðið með notkun Mentor var einkum að gefa foreldrum og nemendum tækifæri til að lesa jafnt og þétt umsagnir sem settar eru inn í Mentor og opnar þar. Vonandi tekst að sníða ýmsa vankanta af og halda utan um námsmat og umsagnir á einum stað sem allir hagsmunaaðilar hafa greiðan aðgang að.

# Hvernig gerum við í Grundaskóla?
## *– Samþætt grunnskólastarf –*

Við skipulag skólastarfs í Grundaskóla er farið eftir lögum og reglugerðum um inntak náms og kennslu. Margt hefur áhrif en ekki síst aldur nemenda. Þannig mótast skólastarfið nokkuð af því hvaða nemendur er unnið með. Þótt hefðir og siðir í skólanum eigi oft við um alla nemendur er nokkur áherslumunur á milli stiga og námssviða. Allt frá stofnun skólans hefur verið unnið markvisst með samþættingu námsgreina, blöndun bekkjardeilda og árganga. Það hefur reynst vel og fellur að markmiðum nýrrar aðalnámskrár. Hér á eftir verður gerð grein fyrir áherslum aldursstiga, þar sem á yngsta stigi eru nemendur í 1.-4. bekk, á miðstigi nemendur í 5.-7. bekk og loks nemendur í 8. – 10. bekk á unglingastigi.

# Yngsta stigið
## 1. - 4. bekkur



### *Farsæl skólabyrjun – Brúum bilið*

Það er stórt skref í lífi hvers barns að byrja í grunnskóla. Á yngsta stigi er rík áhersla lögð á að skólabyrjun nemenda sé sem farsælust og að nemendum séu búin góð námsskilyrði svo hver og einn geti þroskast og dafnað á eigin forsendum.

Skipulagt samstarf undir yfirskriftinni „Brúum bilið“ hefur verið á milli leik- og grunnskóla á Akranesi undanfarin ár. Markmiðið með samstarfinu er m.a. að tengja skólastigin saman, skapa meiri samfellu í námi og kennslu nemenda á þessum skólastigum. Með samstarfinu „Brúum bilið“ er byggð upp gagnkvæm þekking og skilningur á starfi kennara á hvoru skólastigi fyrir sig sem við teljum að stuðli að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla.

### *Skipulag námsins*

Á yngsta stigi hafa umsjónarkennarar umsjón með flestum námsgreinum. Mikil samvinna er innan árganga á stiginu. Sett eru þau markmið að samfella sé í námi nemandans. Í upphafi skólagöngu er áhersla lögð á að nemandinn sé í forgrunni þar sem ýmis verkefni eins og t.d. Stóra bókin eru unnin út frá honum sjálfum og hans nánasta umhverfi. Smám saman er síðan sjón-deildarhringur nemandans víkkaður þegar unnið er með heima-bæinn Akranes og í 4. bekk verður hann síðan enn víðari þegar heimalandið Ísland er tekið fyrir.

### *Sérstök verkefni*

- Brúum bilið (samstarf milli leikskóla og 1. bekkjar)
- Stóra bókin (1. og 2. bekkur)
- Bærinn minn (3. bekkur)
- Ísland (4. bekkur)

### *Leiðarljós Grundaskóla*

Á yngsta stigi er lögð áhersla á að einkunnarorð skólans sam-vinna, traust og virðing séu lifandi í skólastarfinu en ekki bara orð á blaði. Nemendum er treyst og ætlast til að nemendur og starfsfólk umgangist hvert annað af virðingu og vinsemd. Leitast er við að hafa andrúmsloftið notalegt svo öllum geti liðið vel og að nemendur fái viðfangsefni og kennslu við hæfi.

### *Kennsluhættir/verklag*

Á stiginu er unnið með Uppeldi til ábyrgðar, Byrjendalæsi og Orð af orði. Lögð er áhersla á samvinnu í árgöngum og unnið er ýmist í hópavinnu, paravinnu eða einstaklingsvinnu. Þemavinna er jafnframt algeng þar sem leitast er við að samþætta námsgreinar og hafa kennsluaðferðir fjölbreyttar og skapandi. Einnig er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám og góða samvinnu þar sem sjálf-stæði nemenda er eflt svo þeir geti tekið meiri ábyrgð á námi sínu með auknum þroska og aldri.

# Yngsta stigið
## 1. - 4. bekkur

### *Uppeldi til ábyrgðar*

Í Grundaskóla fylgjum við uppeldisstefnu sem ber nafnið: *Uppeldi til ábyrgðar*. Aðaláherslan er lögð á jákvæð samskipti og að kenna börnum og unglingum sjálfsstjórn og aga. Auk þess er markmiðið að nemendur læri að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum, geti lært af mistökum í samskiptum og þekki sína eigin styrkleika.

### *Byrjendalæsi*

Skólaárið 2007 – 2008 hófu grunnskólarnir á Akranesi þátttöku í þróunarverkefninu Byrjendalæsi undir stjórn Rósu Eggertsdóttur og fleiri kennara á Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri. Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð þar sem jöfnum höndum er unnið með merkingu máls og tæknilega þætti lestrarnámsins. Rík áhersla er lögð á samvinnu nemenda samhliða því sem einstaklingsþörfum er mætt. Í þeim anda útbúa kennarar verkefni sem nemendur geta leyst saman óháð lestrarfærni.

Í kennsluaðferðinni er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld saman í eina heild og tengjast sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttritun, orðaforði, setningabygging, málfræði og skrift inn í ferlið. Meginmarkmiðið er að nemendur nái góðum árangri í læsi sem fyrst á skólagöngu sinni.

Vinna við Byrjendalæsi eykur nokkuð vinnuálag á kennara en slíku verklagi fylgja líka kostir sem vega þar upp á móti. Helsti kosturinn er sú ígrundun sem á sér stað þegar kennarar gera kennsluáætlanir og útbúa tilheyrandi verkefni og námsgögn. Í því ferli felst virk starfsþróun því hugmyndir vakna um fjölþætta notkunarmöguleika námsgagnanna, hugmyndir sem birtast á ófyrirséðan hátt í daglegu starfi þegar kennarar mæta þörfum nemenda sinna hér og nú. Þannig endurskoða kennarar stöðugt eigin ákvarðanir og þróa hugmyndir sínar um leið og þeir meta frammistöðu nemenda. Kennsluáætlanir eru einnig öflugt vinnutæki sem eykur öryggi kennara, bæði hvað varðar skráningu og mat á starfinu í skólastofunni og upplýsingagjöf til stjórnenda og foreldra/forráðamanna nemenda þar að lútandi.

### *Orð af orði*

Orð af orði er hugmynda-, kennslu- og aðferðafræði sem hefur það að markmiði að efla læsi og námsárangur nemenda. Nemendur hlusta á upplestur af ýmsu tagi og lesa sjálfir fjölbreyttan texta sér til skemmtunar, yndis og fróðleiks. Nemendur læra aðferðir til að greina merkingu orða, samhengi þeirra og samsetningu sem hjálpar þeim að efla lesskilning sinn.

### *Þemavinna*

Ýmis þemaverkefni, stór og smá, eru unnin á stiginu á hverju skólaári. Nokkur þemaverkefni hafa náð að festa sig í sessi. Má þar nefna þemaverkefni sem tengjast Stóru bókinni í 1. og 2. bekk. Þemaverkefni um bæinn okkar Akranes er unnið í 3. bekk og

# Yngsta stigið
## 1. - 4. bekkur

þemaverkefni um Ísland í 4. bekk. Markmiðið með þemavinnunni er að brjóta upp hefðbundið skólastarf og gefa nemendum tækifæri til að vinna við ólíkar og fjölbreyttar aðstæður, kynnast fleirum, þjálfa samstarf og kynnast fjölbreyttum vinnuaðferðum.

### *Zippý*

Í 3. bekk er unnið eftir námsefninu Vinir Zippýs sem stuðlar að eflingu tilfinningaþroska og vellíðan nemenda. Nemendur læra að átta sig á ýmsum tilfinningum og fá þjálfun í að tjá sig um líðan sína við aðra. Nemendur eru hvattir til þess að leita sér hjálpar þegar þeim finnst að þeir þurfi á því að halda. Nemendur öðlast færni við að bjarga sér í erfiðleikum sem upp kunna að koma í daglegu lífi og geta nýtt sér þá færni við þær aðstæður sem þeir kunna að standa frammi fyrir í framtíðinni.

### *Námsmat*

Á yngsta stigi er áhersla lögð á að námsmat sé fjölbreytt og leiðbeinandi fyrir nemendur. Á skólaárinu fara fram foreldraviðtöl þar sem nemandi og foreldrar ásamt kennara fara yfir námsstöðu og líðan nemenda.

### *Heimanám*

Heimanám á yngsta stigi er í formi lestrar þar sem samstarf á milli heimilis og skóla skiptir sköpum í eflingu lestrarfærni nemenda. Það er stefna Grundaskóla að lestrarfærni sé forsenda annars náms og því er lögð áhersla á að allir nemendur nái góðri lestrarfærni sem nýtist þeim til gagns og gamans. Nemendur eru aðstoðaðir við að finna lestrarefni við hæfi og lögð er áhersla á daglegan heimalestur bæði upphátt og í hljóði. Annað heimanám er undir nemendum og foreldrum komið.

### *Foreldrasamstarf*

Vel er tekið á móti foreldrum/forráðamönnum og lögð er áhersla á gott samstarf á milli heimilis og skóla. Foreldrar skulu vera vel upplýstir um skólastarfið og er upplýsingum miðlað reglulega í tölvupósti. Einnig er dagbókin Spegilinn nýtt til að koma upplýsingum á framfæri milli heimilis og skóla.

### *Malaví*

Um árabil hafa nemendur í Grundaskóla styrkt hjálparstarf Rauða krossins í Malaví. Upphafið að því var að nemendur skólans ákváðu að hætta að gefa hver öðrum jólagjafir á Litlu-jólunum en láta samsvarandi upphæð renna í Malavísöfnun. Með árunum hefur þessi söfnun öðlast stærri sess í skólastarfinu. Síðustu árin hafa nokkrir dagar verið lagðir undir þemavinnu þar sem búnir hafa verið til ýmis konar hlutir sem seldir hafa verið á Malaví markaði sem haldinn hefur verið í skólanum. Enn fremur hafa nemendur fjallað um mannréttindi, fjölmenningu og gildi þess að láta gott af sér leiða.

# Yngsta stigið
## 1. - 4. bekkur

### Vordagar

Í lok hvers skólaárs eru svokallaðir Vordagar í Grundaskóla þar sem allir nemendur í 1.-9. bekk taka þátt. Við skipulag vordaga er reynt að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda með fjölbreyttum kennsluháttum. Viðfangsefnin eru margvísleg þar sem áhersla er lögð á útivist og ferðir um Akranes og nágrenni. Árgöngum er blandað saman til að nemendur kynnist innbyrðis. Vordagarnir eru ómissandi hluti af skólastarfinu.

### List og verkgreinar

Í skólastarfi Grundaskóla er lögð áhersla á skapandi vinnu og verkefni með nemendum. Verkefnaval í list-og verkgreinum er oft í tengslum við bækur, þemavinnu og söguramma sem árgangar eru að vinna í hverju sinni. Tvisvar í viku fara nemendur af yngsta stigi í blönduðum hópum innan árgangsins í list- og verkgreinar, klukkutíma í senn. Nemendur eru á hverju svæði í fimm til sex vikur. Í list-og verkgreinum er boðið upp á smíði, textílmennt, tónmennt, myndmennt og hreyfistund.

### Umferðarfræðsla

Grundaskóli er móðurskóli í umferðarfræðslu og hefur verið frá árinu 2005. Hlutverk skólans er að vera öðrum grunnskólum á Íslandi til fyrirmyndar og til ráðgjafar á sviði umferðarfræðslu.

Umferðarfræðslan kemur inn í skólastarfið á ýmsum stöðum og er samþætting við aðrar námsgreinar undirstaða þess að fræðslan fái sinn sess í skólastarfinu. Skólinn hvetur nemendur til að koma gangandi eða hjólandi í skólann, þannig minnkar umferð í kringum skólasvæðið og öryggi allra eykst.

Nokkur árviss verkefni tengd umferðarfræðslunni eru á hverju stigi. Í 1. – 4. bekk er mikið unnið í samvinnu við eldri nemendur. Unnið er með öruggustu leiðina í skólann, örugg leiksvæði, merkingu og túlkun umferðarmerkja, að rata um umhverfi sitt, hjólreiðar, hjóladaga og fl.

Skólinn gefur einnig öllum nemendum 1. bekkjar endurskinsvesti til eignar ásamt því að allir nemendur fá endurskinsmerki að gjöf einu sinni á hverju skólaári.

### Samsöngur

Einu sinni í viku taka nemendur úr 2.-4.bekk þátt í samsöng og þrisvar til fjórum sinnum á ári sameinast allur skólinn ásamt leikskólum og foreldrum í stórum samsöng í íþróttahúsinu að Jaðarsbökkum.

### Íþróttir

Tvisvar sinnum í viku fara nemendur í íþróttir. Nemendur klæðast íþróttafötum og mælst er til þess að nemendur fari í sturtu eftir íþróttatíma en það er þó ekki skylda. Nemendur á yngsta stigi eru ekki í íþróttaskóm í þessum tímum.

# Yngsta stigið
## 1. - 4. bekkur

### *Sund*

Einu sinni í viku fara nemendur í sund. Nemendur eru hvattir til að nota sundgleraugu. Sundnámskeið er fyrir 1. bekk í 5-6 vikur að vori. Stefnt er að því að hver nemandi fái að minnsta kosti 20 sundtíma í apríl og maí.

### *Frímínútur*

Á yngsta stigi fara nemendur tvisvar á dag út í frímínútur. Mikilvægt er að nemendur komi klæddir eftir veðri því alla daga er útivera nema þegar veður er verulega slæmt.

### *Nesti*

Ætlast er til að nemendur komi með hollt og gott nesti að heiman. Sætir drykkir í fernum eru ekki leyfðir en nemendum stendur til boða að kaupa mjólk.

### *Hádegi*

Í hádeginu er boðið upp á heitan mat í mötuneyti skólans. Foreldrar hafa val um að skrá börnin sín í mat alla daga eða velja stakar máltíðir. Skráning fer fram á matartorg.is og þar er jafnframt að finna upplýsingar um þann mat sem í boði er. Lykilorð inn á matartorg er hægt að nálgast hjá ritara skólans.

### *Forföll*

Veikindi/forföll ber að tilkynna daglega til ritara. Ef nemandi þarf leyfi sem er lengra en þrír dagar þarf að sækja um það á sérstöku eyðublaði hjá ritara sem skólastjóri fer yfir.

# Miðstigið
## 5. - 7. bekkur

### Svona gerum við . . .

Á miðstiginu er leitast við að efla nemendur til sjálfstæðra vinnubragða, styrkja nemendur í að bera ábyrgð á eigin námi og efla sjálfsmynd þeirra. Lögð er áhersla á fjölbreytt vinnubrögð og er bókagerð oftar en ekki afraksturinn. Unnið er í einstaklings-, para - og hópavinnu. Einnig er unnið þvert á árganga og blandað innan hvers árgangs. Markmiðið er að efla samvinnu og tengsl á milli nemenda, að nemendur læri að vinna með ólíkum einstaklingum, að efla félagsfærni og leyfa fjölbreytaleika innan nemendahópsins að njóta sín.

### Uppeldi til ábyrgðar

Í Grundaskóla fylgjum við uppeldisstefnu sem ber nafnið: Uppeldi til ábyrgðar. Aðaláherslan er lögð á jákvæð samskipti og að kenna börnum og unglingum sjálfsstjórn og aga. Auk þess er markmiðið að nemendur læri að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum, geti lært af mistökum í samskiptum og þekki sína eigin styrkleika.

### Samvinna, traust og virðing - leiðarljós Grundaskóla

Einkunnarorð skólans eru samvinna, traust og virðing. Við leggjum áherslu á að bæði nemendur og starfsfólk umgangist hvert annað af virðingu og vinskap. Við leggjum mikið upp úr því að skapa notalegt andrúmsloft þannig að öllum geti liðið vel og teljum að það sé lykillinn að góðu starfsumhverfi og farsælu skólastarfi.

### Skipulag námsins

Á miðstigi hafa umsjónarkennarar umsjón með flestum námsgreinum. Mikil áhersla er lögð á samvinnu milli bekkjardeilda jafnt sem árganga á stiginu. Við leggjum áherslu á ýmis konar þemavinnu og fjölbreytta samþættingu námsgreina. Enn fremur leggjum við mikla áherslu á einstaklingsmiðað nám, góða samvinnu, ásamt því að auka sjálfstæði nemenda sem sífellt þurfa að takast á við aukna ábyrgð á sínu námi.

### Þemavinna

Á miðstiginu eru unnin þemaverkefni á hverju skólaári. Markmiðið með þemavinnunni er að brjóta upp hefðbundið skólastarf og gefa nemendum tækifæri til að vinna við nýjar og fjölbreyttar og krefjandi aðstæður. Í þemavinnu fá nemendur líka tækifæri til að kynnast fleirum, þjálfa samstarf/samvinnu og kynnast nýjum og fjölbreyttari vinnuaðferðum. Unnar eru m.a. bækur sem nemendur búa sjálfir til og fer sú vinna fram í samstarfi við list- og verkgreinakennara. Markmiðið er að skapandi vinna og sköpunargleði nemenda fái að njóta sín. Þau þemaverkefni sem unnið hefur verið að eru m.a. um landnámsmennina Leif Eiríksson og Snorra Sturluson. Í 7. bekk er unnið í Óskaveröldinni sem snýst um þau

# Miðstigið
## 5. - 7. bekkur

sjálf, ásamt því að unnið er með stefnu skólans *Uppeldi til ábyrgðar*.

### Orð af orði

Á miðstiginu er notast við lestraraðferðina Orð af orði, þar sem markmiðið er að efla læsi og námsárangur nemenda og efla og auðga málumhverfi nemenda. Nemendum er m.a. kennt að kort-leggja aðalatriði og greina merkingu og inntak orða.

### Námsmat

Við leggjum áherslu á að námsmatið sé bæði fjölbreytt og leiðbeinandi fyrir nemendur. Upplýsingar um námsmat koma fram í kennsluáætlunum sem nemendur fá. Kennsluáætlanir eru líka sendar heim til foreldra. Farið er yfir námslega stöðu og líðan nemenda reglulega yfir skólaárið þar sem foreldrar/forráðamenn eru boðnir í viðtöl. Aðstandendur eru ávallt velkomnir í skólann.

### Heimanám

Á miðstiginu er mikil áhersla lögð á daglegan lestur bæði upphátt og í hljóði. Mikilvægt er að nemendur lesi bækur við hæfi. Annað heimanám er undir foreldrum og nemendum komið. Lestrarfærni er forsenda annars náms og því er lögð áhersla á að nemendur nái góðri lestrarfærni sem þeir geti nýtt sér bæði til gagns og gamans. Mikilvægt er að gott samstarf sé milli heimilis og skóla.

### Foreldrasamstarf

Við tökum vel á móti foreldrum/forráðamönnum og viljum við að samstarfið sé gott á milli heimilis og skóla. Notast er við Spegilinn sem er dagbók sem er gefin út af skólanum í upphafi skólaárs. Speglinum er ætlað að efla upplýsingaflæði milli foreldra og skóla ásamt því að kenna nemendum að skipuleggja sig með hjálp dagbókarinnar. Kennarar senda auk þess reglulega tölvupóst heim til foreldra.

### Vordagar

Í lok hvers skólaárs eru svokallaðir Vordagar í Grundaskóla þar sem allir nemendur í 1.-9. bekk taka þátt. Við skipulag vordaga er reynt að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda með fjölbreyttum kennsluháttum. Viðfangsefnin eru margvísleg þar sem áhersla er lögð á útivist og ferðir um Akranes og nágrenni. Árgöngum er blandað saman til að nemendur kynnist innbyrðis. Vordagarnir eru ómissandi hluti af skólastarfinu.

# Miðstigið
## 5. - 7. bekkur

## Ýmis verkefni á miðstiginu

### Stóra upplestrarkeppnin

Nemendur í 7. bekk taka ár hvert þátt í Upplestrarkeppninni sem hefst á degi íslenskrar tungu. Markmiðið er að efla lestrarfærni og framsögn hjá nemendum. Haldin er bekkjarkeppni þar sem sex nemendur úr hverri bekkjardeild eru valdir til þátttöku í undankeppni sem fram fer á sal skólans. Nemendum úr 6. bekk er boðið að fylgjast með en í undankeppninni eru valdir sex nemendur frá skólanum sem fara í lokakeppnina. Lokakeppnin er haldin hátíðleg í Tónbergi þangað sem nemendum og foreldrum er boðið.

### Danaheimsókn

Lilleskolen í Odense kemur ár hvert í heimsókn til nemenda í 7. bekk. Undirbúningur fyrir heimsóknina er stór þáttur í dönskunámi nemenda, sem læra að vera gestgjafi og taka á móti erlendum nemendum. Markmiðið með heimsókninni er að nemendur kynnist annarri menningu og að geta nýtt sér það sem þau hafa lært í dönsku.

### Jólasveinaleikritið

Áralöng hefð er fyrir því að 7. bekkur taki þátt í að semja jólaleikrit ásamt kennurum skólans. Unnið er með söng-, dans- og tónlist ásamt framsögn. Leikritið er síðan sýnt fyrir nemendur skólans og á litlu jólunum í skólanum.

### Miðstigstónleikar

Nemendur í 5.-7. bekk sem hafa brennandi áhuga á að syngja og/eða spila á hljóðfæri geta tekið þátt í tónleikum miðstigs í samvinnu við tónmenntakennara. Tónleikarnir eru árviss viðburður og læra nemendur að koma fram bæði fyrir foreldra og aðra nemendur skólans.

### Útvarp Akranes

Á hverju ári tekur 5. bekkur þátt í Útvarpi Akraness með klukkustundar langa dagskrá sem ætlað er að gefa innsýn í skólastarfið. Umsjón með útvarpinu hefur Sundfélag Akranes.

### Skákmót

Skákmót er haldið á hverju ári í kringum dag skákarinnar. Undankeppni fer fram í bekkjum en lokakeppnin er þvert á árganga og að henni lokinni stendur uppi einn sigurvegari í drengja- og annar í stúlknaflokki. Mikill undirbúningur er fyrir skákmótið þar sem nemendur fá kennslu í skák.

### Ferðir

Nemendur á miðstigi fara í allmargar ferðir sem tengjast m.a. þemum hverju sinni, má þar nefna

- **Reykjaskóli:** 7. bekkur fer í 5 daga námsferð að Reykjum í

# Miðstigið
## 5. - 7. bekkur

Hrútafirði. Í skólabúðunum er lögð áhersla á að auka samstöðu nemenda og sjálfstæði, að þeir kynnist nýju umhverfi og ólíkum lífsmáta ásamt því að auka athyglisgáfu nemenda.

- **Eiríksstaðir:** 5. bekkur fer í dagsferð og kynnist sögu og staðháttum Leifs Eiríkssonar.
- **Reykholt:** 6. bekkur fer á slóðir landnámsmannsins Snorra Sturlusonar.
- **Sjóferð:** Faxaflóahafnir bjóða upp á sjóferð fyrir nemendur í 6. bekk, kynnt er fyrir nemendum sjávarlíf í nágrenni Reykjavíkur.

## *Góðgerðarstarf*

### *Malavi markaður*

Um árabil hafa nemendur í Grundaskóla styrkt hjálparstarf Rauða krossins í Malaví. Upphafið að því má rekja til þess að nemendur skólans ákváðu að hætta að gefa hver öðrum jólagjafir á Litlu-jólunum en láta samsvarandi upphæð renna í söfnun til styrktar bágstöddum börnum í Malaví. Með árunum hefur þessi söfnun öðlast æ stærri sess í skólastarfinu. Síðustu árin hafa nokkrir dagar verið lagðir undir þemavinnu þar sem búnir hafa verið til ýmis konar hlutir sem seldir eru á Malaví markaði sem haldinn hefur verið í skólanum. Enn fremur hafa nemendur fjallað um mannréttindi, fjölmenningu og gildi þess að láta gott af sér leiða.

Nemendur í 7. bekk hafa haft umsjón með afgreiðslu og undirbúning markaðarins.

### *ABC hjálparstarf*

Nemendur í 5. bekk taka þátt í hjálparstarfi ABC á hverju ári með því að ganga í hús og safna fé. Tilgangur söfnunarinnar er að veita börnum sem búa við bág kjör varanlega hjálp í formi menntunar því menntun er mikilvægasti hlekkurinn í að rjúfa vítarhring fátæktar.

# Unglingadeild
## 8. - 10. bekkur

### Samvinna, traust og virðing

Í gegnum tíðina höfum við í unglingadeild Grundaskóla sett okkur það markmið að einkunnarorð skólans væru lifandi í skólastarfinu en ekki bara orð á blaði. Við höfum lagt traust okkar á nemendur og þeir hafa sýnt að þeir eru traustsins verðir. Við ætlumst til að bæði nemendur og starfsfólk umgangist hvert annað af virðingu og vinskap og leggjum mikið upp úr því að andrúmsloftið sé notalegt, að öllum geti liðið vel og teljum að það sé lykillinn að góðu vinnuumhverfi og farsælu skólastarfi.

### Skipulag námsins

Í unglingadeild er áherslan lögð á að umsjónarkennarar hafi umsjón með sem flestum námsgreinum. Það þýðir í raun að umsjónarkennarar bera ábyrgð á 1-2 námsgreinum en taka þátt í að kenna hinar einnig. Mikil áhersla er lögð á ýmis konar þemavinnu og fjölbreytta samþættingu námsgreina. Enn fremur leggjum við mikla áherslu á einstaklingsmiðað nám, góða samvinnu og aukið sjálfstæði nemenda sem sífellt þurfa að taka meiri ábyrgð á námi sínu eftir því sem þeir nálgast það að útskrifast og taka skrefið yfir á næsta skólastig. Námið er skipulagt í lengri eða skemmri lotum þar sem nemendur vinna eftir áætlunum sem þeir fá í hendur við upphaf hverrar lotu. Um 2/3 hlutar námsins fara fram í hefðbundnum innlagnatímum en um þriðjungur námsins fer fram í svokölluðum verkefnatímum.

### Verkefnatímar

Verkefnatímar eru vinnutímar sem nemendur geta ráðstafað eins og þeir vilja. Eins og áður segir, vinna nemendur eftir vinnuáætlunum og bera þeir ábyrgð á að klára þær á tilsettum tíma en ráða alfarið hvernig þeir nýta verkefnatímana. Sumum finnst hentugt að vinna samfellt í einni námsgrein yfir ákveðið tímabil og klára ákveðin verkefni áður en þeir snúa sér að næstu námsgrein á meðan öðrum finnst betra að skipta vinnunni í verkefnatímunum jafnt á milli allra námsgreina. Í verkefnatímum er nemendum frjálst að vinna með öðrum en bekkjarfélögum sínum og jafnvel með nemendum úr öðrum árgöngum. Í verkefnatímun nýta nemendur heimastofur sínar, bókasafnið, tölvustofuna og jafnvel ganga skólans, allt eftir því hvað hentar best hverju sinni.

### Þemavinna

Í unglingadeild eru unnin 5-6 þemaverkefni á hverju skólaári. Markmiðið með þemavinnunni er að brjóta upp hefðbundið skólastarf og gefa nemendum tækifæri til að vinna við nýjar og fjölbreyttar aðstæður, kynnast fleirum, þjálfa samstarf og kynnast nýjum og fjölbreyttari vinnuaðferðum. Við leggjum mikla áherslu á fjölbreytileika í verkefnavinnu og að allir þurfi ekki að vinna á sama hátt og með sömu verkfærunum heldur frekar nýta sér áhuga sinn og þekkingu til að leysa krefjandi verkefni sem leyfa hverjum og einum að njóta sín á sem bestan hátt. Í viðbót við áðurnefnd

# Unglingadeild
## 8. - 10. bekkur

þemaverkefni sem unglingadeildin vinnur öll saman, skipuleggjum við einnig smærri þemu og samþættingarverkefni innan árganganna.

### *Fjölbreyttar vinnuaðferðir*

Í Grundaskóla höfum við lagt áherslu á að nemendur þyrftu ekki allir að skila verkefnunum á sama hátt. Sumum nemendum hentar vel að skrifa hefðbundnar ritgerðir og skýrslur um tiltekna vinnu sem þeir leysa af hendi á meðan öðrum hentar mun betur að skila verkum sínum á myndrænu formi (ljósmyndir, kvikmyndir), sem listaverkum, glærusýningum og fleiru slíku. Við viljum gefa nemendum kost á að vinna verkefni með þeim aðferðum sem þeim hentar best og þeir geta tengt inn á sín áhugasvið og færni á ólíkum sviðum. Við leggjum einnig mikið upp úr því að nemendur leggi metnað sín í það sem þeir láta frá sér og reyni alltaf að gera sitt besta.

### *Námsmat*

Við leggjum mikla áherslu á að námsmatið sé fyrst og fremst leiðbeinandi í stað þess að það vera stóri dómur á árangur nemenda og því er leiðsagnarmat mikilvægur hluti af námsmatinu í unglingadeild. Við leggjum einnig áherslu á að námsmatið sé sem fjölbreyttast og taki enn fremur mið af samtölum við nemendur og foreldra auk þess sem sjálfsmat, jafningjamat og hefðbundið lokamat kemur líka við sögu.

### *Uppeldi til ábyrgðar*

Í Grundaskóla fylgjum við uppeldisstefnu sem ber nafnið: Uppeldi til ábyrgðar. Aðaláherslan er lögð á jákvæð samskipti og að kenna börnum og unglingum sjálfsstjórn og aga. Auk þess er markmiðið að nemendur læri að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum, geti lært af mistökum í samskiptum og þekki sína eigin styrkleika.

### *Valbrautir á unglingastigi*

Skipulagi valgreina er þannig háttað að nemendur eru fjórar klukkustundir(sex kennslustundir) í viku í vali og þeir velja sig inn á tvær valbrautir á hverju skólaári, eina á haustönn og aðra á vorönn. Nemendum er einnig heimilt að velja sér sömu valbraut allt skólaárið. Valbrautirnar sem standa nemendum til boða eru:

**Listabraut** sem skiptist upp í tónlistarval, handverk og hönnun og framkomu og listsköpun.

Nemendur sem fara í tónlistarval geta þar lært söng eða á hljóðfæri. Þeir fara einnig á ýmis tónlistartengd námskeið auk þess sem þeir spila í hljómsveitum. Handverk og hönnun skiptist upp í smíði, myndlist, textíl og mósaik og geta nemendur valið sér eitt þessara viðfangsefna. Í framkomu og listsköpun stunda nemendur leiklist og kvikmyndagerð og setja þeir upp litlar

# Unglingadeild
## 8. - 10. bekkur

leiksýningar eða búa til bíómyndir í samvinnu við nemendur sem hafa valið handverk og hönnun.

**Námskeiðabraut** samanstendur af fjölbreyttum þriggja vikna námskeiðum sem þýðir að nemendur fara á fimm mismunandi námskeið á hverri önn ef þeir velja námskeiðabraut. Á námskeiðabraut má finna mörg ólík viðfangsefni eins og; kökuskreytingar, ýmis konar íþróttir, matreiðslu, fjármálafræðslu, gjörhygli, Fab-lab svo dæmi séu tekin.

**Verknámsbraut** fer fram í Fjölbrautaskóla Vesturlands og þar gefst nemendum kostur á að kynna sér þær verknámsbrautir sem hægt er að velja í FVA. Þar má nefna rafiðn, málmiðn og smíði.

## *Ýmis Grundaskólaverkefni sem fest hafa rætur*

### *Söngleikir*

Söngleikir í Grundaskóla eiga sér nokkuð langa hefð því fyrsti söngleikurinn sem leit dagsins ljós var frumsýndur í febrúar 2003. Um var að ræða söngleikinn Frelsi sem hlaut fádæma góðar viðtökur hjá bæjarbúum á Akranesi. Í framhaldinu var ákveðið að setja upp söngleiki á þriggja ára fresti til þess að nemendum í unglingadeild gæfist a.m.k eitt tækifæri til að taka þátt í slíkri uppfærslu á meðan þeir væru í unglingadeild. Mikill metnaður hefur verið lagður í alla söngleikina sem jafnframt hafa verið frumsamdir af nokkrum kennurum skólans (bæði handrit og tónlist) og hefur frumsamin tónlistin alltaf komið út á geisladiskum. Mikill áhugi er meðal nemenda skólans á þessum verkefnum og hverju sinni taka um 60-70 nemendur unglingadeildar þátt í uppfærslunni ýmist sem leikarar, dansarar, tæknimenn, starfsmenn við hárgreiðslu, förðun og mörg önnur störf sem falla til. Eftirtaldir söngleikir hafa einnig verið frumsýndir af nemendum Grundaskóla: Hunangsflugur og Villikettir, Draumaleit, Vítahringur, Nornaveiðar og nú síðast Úlfur úlfur. Söngleikirnir í Grundaskóla hafa vakið mikla athygli og áhorfendur hafa troðfyllt Bíóhöllina sýningu eftir sýningu og að meðaltali hafa um 2.000 gestir séð hvern söngleik. Einnig hafa aðrir grunnskólar á landinu fengið leyfi til að sýna söngleikina okkar og m.a. hefur söngleikurinn Frelsi verið sýndur í fjórum öðrum skólum víðs vegar um landið.

### *Útskriftarbókin*

Ein af þeim hefðum sem skapast hefur í Grundaskóla er útskriftarbókin sem nemendur í 10.bekk vinna á vori hverju. Um er að ræða bók sem inniheldur skemmtilegar upplýsingar um alla útskriftarnemendur. Nemendur skrifa síðan kveðjur til allra í árgangnum inn í þessa bók. Hver og einn nemandi hannar bókina eftir eigin höfði og setur í hana þær skólaminningar sem honum finnst skipta mestu máli. Geta það verið fjölbreytt skólaverkefni

# Unglingadeild
## 8. - 10. bekkur

frá ferlinum í bland við myndir frá skólaböllum og ýmsum viðburðum. Nemendur leggja gjarnan mikla vinnu í hönnum, útfærslu og frágang bókarinnar, enda er þetta minningabók fyrir lífstíð.

### *Húllumhæ*

Húllumhæ-dagurinn fer fram á hverju hausti og er hugsaður sem skemmtileg leið til að bjóða nýnemana í 8. bekk velkomna í unglingadeildina. Þennan dag keppa bekkjardeildirnar innbyrðis í ýmis konar óhefðbundnum íþróttagreinum eins og sykurpúðaáti, reiptogi, píramída o.fl auk þess sem hægt er að fá stig fyrir besta stuðninginn við sitt keppnislið. Venjulega er þetta mjög hörð og tvísýn keppni þar sem kennarar og nemendur etja einnig kappi í einhverri hópíþrótt eins og fótbolta og bandí svo eitthvað sé nefnt. Þess má geta að kennarar hafa alltaf farið með sigur af hólmi.

### *Íþróttamót*

Akranes er mikill íþróttabær og má sjá þess merki í starfinu í Grundaskóla. Árlega keppa bekkjardeildir sín á milli í ýmsum íþróttagreinum eins og fótbolta, frjálsum íþróttum o.fl. og enn fremur hafa nemendur skólans staðið sig vel í Skólahreysti.

### *Ungir-Gamlir*

Tónlistarverkefnið Ungir-Gamlir hefur verið fastur liður í menningarlífinu á Akranesi síðan 2006. Markmiðið með því er að gefa ungu tónlistarfólki á Akranesi (í 8.-10.bekk) tækifæri til að koma fram á vönduðum tónleikum þar sem mikill metnaður er lagður í allan undirbúning og umgjörð. Nemendur vinna með kennurum sínum, þekktum tónlistarmönnum og gestum frá Svíþjóð í aðdraganda tónleikanna. Vinnan endar síðan með tvennum tónleikum í Bíóhöllinni á Akranesi. Öll árin hefur verið mikill áhugi fyrir þessu verkefni og Skagamenn hafa troðfyllt húsið ár eftir ár og margir bíða spenntir eftir þessum árlega menningarviðburði sem fram fer síðasta fimmtudag í október. Fjölmargir þekktir tónlistarmenn hafa komið við sögu þessa verkefnis og má þar nefna Eirík Hauksson, Kristjönu Stefánsdóttur, Jón Jónsson, Jónas Sigurðsson, Andreu Gylfadóttur, Valgeir Guðjónsson og fleiri. Síðustu fjögur árin hefur komist á sú hefð að 4-6 nemendur frá Akranesi hafa fengið tækifæri til að ferðast til Svíþjóðar til að taka þátt í sambærilegu verkefni þar, síðustu vikuna í maí. Skemmst er frá því að segja að þeir nemendur sem hafa fengið þetta tækifæri hafa öðlast ómetanlegu tónlistarreynslu

# Unglingadeild
## 8. - 10. bekkur

sem hefur hvatt þá áfram til tónlistarnáms eða frekari þátttöku í öðrum tónlistarverkefnum. Grundaskóli átti frumkvæðið að þessu verkefni sem í dag er samvinnuverkefni Grundaskóla, Brekkubæjarskóla og Tónlistarskólans á Akranesi.

### Félagslífið í unglingadeild

Þegar nemendur eru komnir í unglingadeild breytist margt í félagslífinu. Nemendur í Grundaskóla skipa nemendaráð sem ber ábyrgð á því að stjórna félagslífi skólans ásamt umsjónarmanni félagsmála. Tveir fulltrúar úr hverri bekkjardeild mynda nemendaráð skólans auk þess sem formaður og varaformaður nemendaráðs eru kosnir úr röðum tíundu bekkinga. Starf nemendaráðs er eins og áður segir að halda utan um fjölbreytt félagslíf sem þróast hefur í áranna rás. Sem dæmi má nefna nefna; böll, Húllumhæ-daginn, spurningakeppnir og ýmsar aðrar uppákomur sem nemendaráð hefur staðið fyrir. Enn fremur stendur nemendaráð fyrir árlegu málþingi þar sem málefni skólans eru rædd og nemendur fjalla um hvað þeim líkar vel við í skólastarfinu og einnig hvað þeir telja að betur mætti fara.

### Málþing nemendafélagsins

Á hverju skólaári stendur nemendafélag unglingadeildarinnar fyrir svokölluðu málþingi þar sem fundað er um skólastarf vetrarins. Allir nemendafélagsfulltrúar taka þátt ásamt fulltrúum nemenda úr 7.bekk. Markmið þingsins er að ræða hvað gengur vel í skólastarfinu og hvað mætti betur fara. Er þar ekki bara rætt um félagsstarfið heldur skólastarfið í heild. Málþing þetta er frábær vettvangur fyrir nemendur til að tjá sig um skólastarfið og mikilvægt er að raddir þeirra fái einnig að heyrast er kemur að skipulagningu skólaársins. Margar góðar hugmyndir hafa komið fram á þinginu og sumar þeirra hafa jafnramt komið til framkvæmda.

### Vordagar

Í lok hvers skólaárs eru svokallaðir Vordagar í Grundaskóla þar sem allir nemendur í 1.-9. bekk taka þátt. Við skipulag vordaga er reynt að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda með fjölbreyttum kennsluháttum. Viðfangsefnin eru margvísleg þar sem áhersla er lögð á útivist og ferðir um Akranes og nágrenni. Árgöngum er blandað saman til að nemendur kynnist innbyrðis. Vordagarnir eru ómissandi hluti af skólastarfinu.

### Malaví

Um árabil hafa nemendur í Grundaskóla styrkt hjálparstarf Rauða krossins í Malaví. Upphafið að því má rekja til þess að nemendur skólans ákváðu að hætta að gefa hver öðrum jólagjafir á Litlu-jólunum en láta samsvarandi upphæð renna í Malavísöfnun. Með árunum hefur þessi söfnun öðlast stærri sess í skólastarf-

# Unglingadeild
## 8. - 10. bekkur

inu. Síðustu árin hafa nokkrir dagar verið lagðir undir þemavinnu þar sem búnir hafa verið til ýmis konar hlutir sem seldir hafa verið á Malaví markaði sem haldinn hefur verið í skólanum. Enn fremur hafa nemendur fjallað um mannréttindi, fjölmenningu og gildi þess að láta gott af sér leiða.

# List- og verkgreinar, íþróttir

Í Grundaskóla er lögð áhersla á kennslu í list og verkgreinum í 1.-10. bekk. Kennslugreinar eru textílmennt, myndmennt, tónmennt, leiklist, smíðar, hreyfistund og heimilisfræði. Kennt er í lotum 2-3 klst á viku frá 1-7. bekk þar sem árgangnum er blandað saman. Yfir veturinn fara nemendur 2-3 svar í hverja grein.

Heimilisfræði er kennd í lotum samhliða list- og verkgreinum í 1. og 2. bekk. Nemendur úr 3, 5. og 6. bekk koma í heimilisfræði einu sinni í viku allan veturinn og nemendur í 4. og 7. bekk koma einu sinni í viku sömuleiðis en bara hálfur bekkur í einu.

Árleg verkefni hafa fest sig í sessi þar sem list- og verkgreinar eru samþættar við aðrar námsgreinar. Dæmi um slík verkefni eru Stóra bókin í 2. bekk, Víkingabókin í 5. bekk og Óskaveröldin í 7. bekk. Tónleikar eru haldnir að vori með nemendum í 6. og 7. bekk. Nemendur í 7. bekk semja í samvinnu við list- og verkgreinakennara, setja upp og flytja jólasveinaleikrit á litlu jólunum í lok haustannar í 7. bekk.

Allir nemendur í 1. -7. bekk taka þátt í samsöng tvisvar í mánuði þar sem farið er eftir aldri. Þrisvar til fjórum sinnum á ári sameinast síðan allur skólinn ásamt leikskólum og foreldrum í stórum samsöng í íþróttahúsinu að Jaðarsbökkum.

Á unglingastigi er boðið upp á fjölbreytt val á brautum (listabraut, námskeiðabraut og verknámsbraut). Hluti af valinu er í samstarfið við Brekkubæjarskóla, tónlistarskólann og FVA. Nemendur mæta í valgreinar tvisvar í viku 3 kennslustundir í senn. Ungir-gamlir er tónlistarverkefni unnið í samstarfi við sömu aðila og tónleikar því tengdir haldnir í upphafi Vökudaga ár hvert.

Í Grundaskóla hafa verið frumsamdir, settir upp og fluttir sex söngleikir. Þar koma að verki kennarar úr list- og verkgreinahópi skólans með margvíslegum hætti. Nefna má lög og texta, búninga, sviðsmynd, förðun og fleira.

Skólakór er starfræktur við skólann fyrir nemendur í 3.-7. bekk. Skólakórinn syngur við ýmis tækifæri innan skólans en hann hefur einnig tekið þátt í nokkrum verkefnum utan hans en þar má nefna tónleika með Karlakórnum Svönum í Tónbergi. Einnig fer kórinn með jólagjafir til samstarfsaðila skólans í desember og þá gefst einmitt tækifæri til að syngja fyrir vini skólans út á við.

## *Íþróttir*

Íþróttakennsla í Grundaskóla á að huga að hreysti og góðri heilsu nemenda. Henni er ætlað að auðvelda börnum og unglingum að stunda líkamlega hreyfingu og skilja hversu jákvæð áhrif hún hefur út lífið. Íþróttakennsla eflir þekkingu og færni eins og samvinnu og betri framkomu gagnvart hvert öðru. Í íþróttakennslunni er lögð áhersla á að læra í gegnum leiki, fjölbreytni, kynningu á margvíslegum og ólíkum íþróttagreinum.

Sundkennsla er í 2. – 10. bekk frá hausti og fram í apríl. Nemendur mæta í sund einu sinni í viku. Á yngsta stigi og miðstigi eru tveir sundkennarar með hverja bekkjardeild en á unglingastigi

# List- og verkgreinar, íþróttir

er einn sundkennari með bekk en nemendur á unglingastiginu geta lokið sundinu á styttri tíma. Í apríl tekur við sundnámskeið nemenda í 1. bekk. Þeir mæta í sund fjórum sinnum í viku í fimm vikur í apríl og maí.

Allir nemendur skólans taka þátt í Norræna skólahlaupinu. Veitt eru verðlaun þeim árgangi sem stendur sig best á hverju aldursstigi og einnig hafa verið veitt verðlaun fyrir frumlegasta hlaupabúninginn. Grundaskóli tekur þátt í Skólahreysti. Undirbúningur fyrir keppnina hefst strax að hausti undir stjórn íþróttakennara. Margir nemendur eru með frá upphafi en valið er í keppnisliðið þegar líður á vorið.

Útikennsla er í íþróttum bæði á haustin og vorin. Ýmis íþróttamót eru á unglingastiginu, þar sem keppt er bæði í hefðbundnum og óhefðbundnum íþróttagreinum. Íþróttadagur er síðan á miðstigi.

# Stoðþjónusta

Stoðþjónusta í Grundaskóla er fjölbreytt og miðar að því að efla nemendur í leik og starfi. Til stoðþjónustunnar teljast m.a. sérkennsla og talkennsla, sálfræðiaðstoð, námsráðgjöf og hjúkrun.

## Sérkennsla

Sérkennsla er veitt einstaklingum eða hópum. Hún getur verið bundin við afmarkaða þætti náms eða almenn námsaðstoð og byggist skipulag og inntak hennar á greiningu og mati á stöðu nemenda og þörfum þeirra.

Þegar barn með alvarlega fötlun hefur skólagöngu er æskilegt að undirbúningur hefjist með góðum fyrirvara. Sá tími er notaður til að koma á tengslum við foreldra barnsins, afla upplýsinga um þarfir þess og skipuleggja kennslu og þann stuðning sem barnið kann að þarfnast.

Sérkennslutímum er skipt milli nemenda í samræmi við þarfir þeirra og reglulega fer fram mat á stöðu nemenda. Framhald sérkennslunnar er skipulagt í samræmi við niðurstöðu matsins. Talsverður sveigjanleiki er á fjölda nemenda í sérkennslu og fer það eftir þörf og áherslum hverju sinni.

Þegar um er að ræða nemendur með miklar sérþarfir eru haldnir reglulegir teymisfundir með þeim aðilum sem skipuleggja og vinna sameiginlega að námi nemenda sem og foreldrar/forráðamenn.

## Fyrirkomulag sérkennslu

Nemendur geta fengið sérkennslu samkvæmt greiningu sérfræðinga og greinandi skimunarprófum, ábendingum ýmissa aðila, svo sem leikskólakennara, talmeinafræðings, kennara, deildarstjóra og foreldra. Að auki ræða sérkennarar við umsjónarkennara um stöðu nemenda og meta sameiginlega þörf fyrir sérkennslu í samráði við foreldra og forráðamenn.

Sérkennslutímar fara fram í litlum hópum, ýmist inn í bekk eða í öðru rými.

Segja má að í Grundaskóla skiptist sérkennsla í kennslu nemenda með einstaklingsnámskrá, stuðningskennslu og nýbúakennslu.

- Kennsla nemenda með einstaklingsnámskrá. Kennsla sem felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðstæðum. Einstaklingsnámskrár eru gerðar vegna nemenda með sértæka námserfiðleika, með einbeitingar-, félags- og/eða tilfinningalega erfiðleika og nemenda með fötlun. Einstaklingsnámskráin er sett fram í samræmi við þarfir og getu hvers og eins.
- Stuðningsmiðuð kennsla. Ekki er vikið verulega frá bekkjarnámskrá og er aðstoð við nemendur sem vinna hægt eða þarfnast sérstaks stuðnings.
- Nýbúakennsla, ætluð nemendum sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli eða hafa dvalið langdvölum erlendis. Áhersla er lögð á færni í íslensku, að tala íslensku og skilja talað mál og ritað. Reynt er að tryggja félagslega stöðu nemandans í skólanum.

# Stoðþjónusta

## Stuðningsfulltrúar

Stuðningsfulltrúar eru kennurum til aðstoðar við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð. Þeir stuðla að því að auka færni og sjálfstæði nemenda, félagslega, námslega og í daglegum athöfnum.

## Talkennsla

Undanfarin ár hefur verið starfandi talkennari í við skólann. Hann veitir nemendum m.a. þjónustu í formi talkennslu og málörvunar. Einnig leggur hann fyrir málþroskapróf ef þurfa þykir og veitir nemendum, kennurum og foreldrum ráðgjöf.

## Námsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafar eru trúnaðarmenn og málsvarar nemenda skólans. Náms- og starfsráðgjafar vinna að ýmsum velferðarmálum er tengjast námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Allir nemendur skólans geta leitað til náms- og starfsráðgjafa.

Verkefni námsráðgjafa eru m.a.:

- Persónuleg ráðgjöf, bæði einstaklinga og hópa
- Ráðgjöf um náms- og starfsval og fræðslu um nám, störf og atvinnulíf
- Leiðbeiningar um skipulögð vinnubrögð í námi
- Aðstoð við nemendur við að gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum og meta hæfileika sína miðað við nám og störf
- Fyrirbyggjandi starf t.d. í vörnum gegn vímuefnum, einelti og ofbeldi
- Leiðbeiningar vegna prófaundirbúnings
- Viðtöl við nýja nemendur

## Sálfræðiþjónusta

Grundaskóli fær ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu frá Sérfræðiþjónustu Skóla- og frístundasviðs Akraneskaupstaðar.

Í sérfræðiþjónustunni felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra.

Sérfræðiþjónustan leggur áherslu á: (sjá reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum):

- Forvarnarstarf til að stuðla markvisst að velferð nemenda
- Snemmtækt mat á stöðu nemenda og ráðgjöf vegna námsvanda, félagslegs og sálræns vanda með áherslu á að nemendur fái kennslu og stuðning við hæfi í skóla án aðgreiningar
- Að sérfræðiþjónusta mótist af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda
- Að styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi og starfshætti skólans og starfsfólk hans
- Stuðning við foreldra með ráðgjöf og fræðslu

# Stoðþjónusta

## Nemendaverndarráð

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 er nemendaverndarráð starfrækt í skólanum og starfar samkvæmt reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.

Í nemendaverndarráði Grundaskóla eiga sæti aðstoðarskólastjóri, verkefnastjóri sérkennslu, skólahjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi og skólasálfræðingur. Nemendaverndarráð Grundaskóla fundar hálfsmánaðarlega og situr félagsráðgjafi frá fjölskyldustofu fundi einu sinni í mánuði. Umsjónarkennari getur óskað eftir umfjöllun nemendaverndarráðs um umsjónarnemanda sinn og skal kennarinn gera foreldrum viðvart um umfjöllunina fyrir fundinn. Leitast er við að taka málefni fyrir eins skjótt og hægt er eftir að beiðni berst. Nemendaverndarráð skráir stöðu málsins, fjallar um það faglega, leggur fram tillögur og fylgist með framvindu mála. Ráðið getur kallað á sinn fund þá aðila innan skólans og utan sem það telur að geti upplýst sig um ákveðin málefni. Full trúnaðarskylda fundarmanna gildir á öllum fundum nemendaverndarráðs.

## Eineltisteymi Grundaskóla

Í Grundaskóla er unnið eftir aðgerðaáætlun gegn einelti sem samþykkt var af fjölskylduráði Akraneskaupstaðar haustið 2012. Í teyminu sitja skólastjóri, skólasálfræðingur, námsráðgjafi og verkefnastjóri sérkennslu. Verkefnastjórar stiga taka sæti í teyminu þegar þörf krefur. Aðgerðaáætlunin og tilkynningarblað er að finna á heimasíðu skólans. Eineltisteymið fundar hálfsmánaðarlega og oftar ef þörf krefur.

Aðgerðaáætlun (http://grundaskoli.is/Files/Skra_0062689.pdf)
Tilkynningarblað (http://www.grundaskoli.is/Files/Skra_0058539.pdf)

## Skólaheilsugæsla

Heilsugæslan er á vegum Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Skólahjúkrunarfræðingur er Ragnheiður Helgadóttir. Heilsugæsla skólabarna er framhald af ung- og smábarnavernd. Leitast er við að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Markmið skólaheilsugæslu er að stuðla að því að skólabörn fái að þroskast við þau bestu líkamlegu, andlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Unnið er að þessu markmiði í náinni samvinnu við starfsfólk skólanna og foreldra/forráðamenn.

Tilgangur skólaheilsugæslu er að fylgjast með heilsu, þroska, líðan og högum barna á grunnskólaaldri. Hlutverk hennar er að stuðla að líkamlegu, andlegu og félagslegu heilbrigði skólabarna

# Stoðþjónusta

og að greina og sinna heilbrigðisvandamálum sem hafa áhrif á velferð nemenda og námsgetu. Einnig að meta þá þætti í umhverfi og aðstæðum barna sem hafa áhrif á heilsu og líðan þeirra. Boðið er upp á reglulegar skoðanir, viðtöl og fræðslu ásamt bólusetningum.

Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við foreldra/ forráðmenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem veita skólabarninu þjónustu. Starfsfólk heilsugæslunnar er bundið þagnarskyldu.

Skólahjúkrunarfræðingur, kennari eða skólaliði veita fyrstu hjálp ef slys ber að höndum. Ef barn veikist í skólanum eða meiðist alvarlega er haft samband við forráðamenn. Því er nauðsynlegt að skólinn hafi símanúmer foreldra/forráðamanna.

## *Túlkaþjónusta*

Til að foreldrar geti gætt hagsmuna barna sinna og gagnkvæm upplýsingagjöf milli foreldra og skóla sé greið er foreldrum sem ekki tala íslensku eða nota táknmál tryggð túlkun á upplýsingum sem taldar eru nauðsynlegar vegna þessarar samskipta. Umsjónarkennarar eiga frumkvæði að ósk um túlkaþjónustu.

# Önnur verkefni

## Tengsl á milli skólastiga

Grundaskóli hefur í gegnum árin átt farsælt samstarf við bæði leikskóla bæjarins og Fjölbrautaskólann. Einnig hefur verið afar gott samstarf við Verslunarskólann vegna náms á framhaldsskólastigi.

## Brúum bilið

Skipulagt samstarf undir yfirskriftinni „Brúum bilið“ hefur verið á milli leik- og grunnskóla á Akranesi undanfarin ár. Ásta Egilsdóttir, kennari við Grundaskóla og leikskólakennari er einn upphafsmanna þess verkefnis. Markmiðið með samstarfinu er m.a. að tengja skólastigin saman, skapa meiri samfellu í námi og kennslu nemenda á þessum skólastigum. Með samstarfinu „Brúum bilið“ er byggð upp gagnkvæm þekking og skilningur á starfi kennara á hvoru skólastigi fyrir sig sem stuðlar að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla.

## Framhaldsskólar

Nemendur í Grundaskóla hafa í mörg ár stundað nám á framhaldsskólastigi. Samstarfið hefur að mestu verið við Verslunarskóla Íslands og skilað frábærum árangri. Í samstarfi við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi hefur verið boðið upp á nám á verknámsbraut ætlað nemendum í 9. – 10. bekkjum skólans.

## Mat á námi og velferð nemenda

Allt frá upphafi hefur það verið yfirlýst stefna Grundaskóla að vellíðan nemenda sé forsenda náms. Í þeim anda hefur ætíð verið lögð áhersla á verklegar greinar ekki síður en bóklegar og fjölbreytt námsmat í takti við kennsluhætti. Í námsmatskafla skólanámskrár er fjallað um námsmatið en hér verður tæpt á mati á velferð nemenda.

Í samvinnu við Akraneskaupstað hafa grunnskólar sveitarfélagsins tekið upp samræmda aðgerðaáætlun gegn einelti. Áætlunina í heild er að finna á heimasíðu Grundaskóla (http://grundaskoli.is/Files/Skra_0062689.pdf.) Þar er líka að finna tilkynningarblað sem prenta má út og afhenda skólanum þegar tilkynnt er um einelti. Eineltisteymi er starfandi í skólanum. Það fundar að jafnaði tvisvar í mánuði og oftar ef þörf krefur.

Árlega er lögð fyrir nemendur í 3. – 10. bekk Grundaskóla nafnlaus könnun þar sem spurt er um líðan (eineltiskönnun). Könnunin er sambærileg í báðum grunnskólum Akraneskaupstaðar. Niðurstöður eru kynntar umsjónarkennurum og unnið með þær í samstarfi við foreldra. Einnig er lögð fyrir nemendur svokölluð líðankönnuð sem rædd er við nemendur og foreldra í viðtali. Allir nemendur svara þá sérstakri könnun og skila til umsjónarkennara sem fer yfir könnunina áður en nemandinn mæti með foreldrum sínum í viðtal.

# Önnur verkefni

## Starfsáætlun

Starfsáætlun er gerð á hverju skólaári og birt á heimasíðu skólans undir flipanum Skólanámskrá Grundaskóla (http://www.grundaskoli.is) Starfsáætlun er afhent skóla- og frístundaráði á fundi í september. Í starfsáætlun koma fram helstu áherslu-þættir hvers skólaárs ásamt nauðsynlegum grunnupplýsingum um skólann, nemendur hans og starfsmenn.

## Foreldrasamstarf

Í Grundaskóla er starfandi foreldraráð og skólaráð samkvæmt fyrirmælum þar um. Hver bekkjardeild í skólanum velur þrjá fulltrúa foreldra til að starfa fyrir nemendur og eiga samskipti við skólann. Þegar allir eru taldir geta foreldrafulltrúarnir orðið 87 en 90 frá og með skólaárinu 2016-2017. Foreldraráð er skipað 10 foreldrum, einum fulltrúa úr hverjum árgangi skólans. Foreldraráð velur talsmann sinn úr hópnum og gegnir hann hlut-verki talsmanns foreldra og er tengiliður við hagsmunasðila svo sem Heimili og skóla.

Í skólaráði sitja auk skólastjórnenda tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi almennra starfsmanna, tveir fulltrúar foreldra og einn fulltrúi frá Hollvinafélagi Grundaskóla sem gegnir jafnframt hlutverki fulltrúa grenndarsamfélagsins. Þá sitja tveir fulltrúar nemenda í skólaráðinu.

Foreldraráð og skólaráð Grundaskóla sitja sameiginlega fundi þar sem fjallað er um þau mál sem hæst ber hverju sinni en auk þess þau mál sem skólanum er ætlað sérstaklega að kynna þessum aðilum.

Foreldraráð og skólaráð funda sameiginlega fjórum til fimm sinnum á skólaárinu, tvisvar fyrir áramót og tvisvar til þrisvar á tímabilinu janúar-maí. Þessi sameiginlegi hópur hefur verið öflugur bakhjarl skólans og ómetanlegur viðræðuaðili um stefnu-mótun og forgangsmál í skólanum.

Foreldrar svara árlega könnun um ýmsa þætti skólastarfsins og eru mikilvægir álitsgjafar um flest sem varðar skólastarfið. Af könnuninni má ráða að foreldrar eru ánægðir með skólann og telja sig velkomna þar.

## Mat á skólastarfi (innra og ytra)

Áætlun um sjálfsmat hefur verið til frá árinu 2008 til tveggja ára í senn. Áætlunin er birt á heimasíðu skólans.

Áætlunin nær til allra aðila að skólasamfélaginu; nemenda, starfsmanna og foreldra. Grundaskóli hefur um árabil gert kannan-ir um margvíslega þætti skólastarfsins. Fyrir nemendur eru ár-lega lagðar kannanir um líðan og að auki er unnið með fjölbreytt námsmat. Upplýsingar um niðurstöður eineltiskönnunar og sam-ræmdra prófa eru birtar á heimasíðu skólans (http://grundaskoli.is/um-skolann/mat-a-skolastarfi/)

Foreldrar svara árlega hefðbundnum spurningalista frá skólanum (undantekning eru árin sem Foreldrakönnun Skóla- og frístunda-

# Önnur verkefni

sviðs er gerð) og þeir koma í vitnisburðarviðtöl með börnum sínum. Árlega er lögð fyrir könnun um mötuneyti skólans sem foreldrar svara. Niðurstöður eru birtar á heimasíðu skólans (http://grundaskoli.is/um-skolann/mat-a-skolastarfi/).

Starfsmenn koma í starfsmannasamtöl þar sem farið er yfir flesta þætti starfsins. Niðurstöður eru birtar á heimasíðu skólans (http://grundaskoli.is/um-skolann/mat-a-skolastarfi/).

## *Skólareglur og viðbrögð við brotum á skólareglum*

Hver grunnskóli skal setja sér skólareglur sem skylt er að fara eftir. Skólastjóri, kennarar og aðrir starfsmenn, nemendur og forráðamenn þeirra skulu í sameiningu kosta kapps um að starfsandi og skólabragur í skólanum sé sem bestur og eiga skólareglur að stuðla að því. (2.gr.)

Í reglugerðinni er kveðið á um að skólastjóri skuli hafa forgöngu um að skólareglur séu settar. Reglurnar skulu unnar í samvinnu við fulltrúa nemenda og foreldra. Skólareglurnar skulu kynntar og afhentar nemendum og forráðamönnum þeirra og birtar í skólanámskrá skólans. Þær skulu vera skýrar og afdráttalausar og í þeim skal koma skýrt fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á reglunum.

Skólareglur skulu kveða á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar og hollar lífsvenjur í samræmi við ákv. aðalnámskrár grunnskóla. Nemendum er skylt að fara eftir skólareglum og hlíta fyrirmælum starfsfólks skólans, meðan þeir dvelja í skólanum og í öllu starfi á vegum skólans. Umsjónarkennarar fjalla um skólareglurnar með nemendum sínum eins oft og þurfa þykir og einnig í foreldraviðtölum og á foreldrafundum.

Samkvæmt reglugerðinni er heimilt í undantekningartilfellum að beita þeim hámarksviðurlögum að víkja nemanda úr kennslustund eða kennslu það sem eftir lifir dagsins ef hann hefur valdið verulegri truflun og ekki látið skipast við áminningu kennara. Tryggja skal þá að nemandinn sé í umsjá starfsmanns á vegum skólans.

Ætíð skal gera forráðamönnum grein fyrir agabrotum barns síns svo og umsjónarkennara og beitingu viðurlaga og skal ætíð gefa nemanda og forráðamanni tækifæri á að tjá sig ef um ítrekað brot á skólareglum er að ræða. Ávallt skal hafa samstarf við forráðamann nemanda um úrlausn mála.

Við alvarleg, endurtekin brot nemanda skal umsjónarkennari leita orsaka þess og reyna að ráða bót á því. Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal umsjónarkennari leita aðstoðar skólastjóra og sérfróðra ráðgjafa skólans, ávallt í samráði við forráðamenn nemenda.

Ef allt um þrýtur og nemandi lætur sér enn ekki segjast, ef ítrekað brot hans á skólareglum eru alvarleg, eða hann stefnir eigin eða annarra lífi eða heilsu í hættu innan skólans, má vísa

# Önnur verkefni

nemenda um stundarsakir úr skóla á meðan reynt er að finna lausn á máli hans. (8.gr.)

***Takist ekki að leysa málið innan skólans á viku, vísar skólastjóri því til úrlausnar starfsmanna Skóla- og frístundasviðs Akraneskaupstaðar sem taka málið til meðferðar.***

## *Verklagsreglur Grundaskóla vegna agabrota*

### *Agabrot, almennt*

Brjóti nemandi reglur skólans, truflar kennslu ítrekað eða er sjálfum sér og/eða öðrum til vandræða skal eftirfarandi ráðum beitt:

1) Viðkomandi kennari ræðir við nemandann og veitir umsjónarkennara upplýsingar um gang mála
2) Viðkomandi kennari ræðir við foreldra
3) Umsjónarkennari kallar foreldri og nemanda til viðtals með öðrum kennurum ef með þarf
4) Skólastjóri ræðir við nemanda og/eða foreldri
5) Leitað úrræða/aðstoðar sérfræðinga
6) Viðtal um frekari aðgerðir

### *Agabrot, reykingar*

Fylgt er eftir þeim reglum, sem eru í lögum um tóbaksvarnir, að nemendur og starfsmenn reyki ekki í eða við skóla á skólatíma né á skemmtunum á vegum skólans. Gildir þetta bæði um skólalóð og nágrenni skólans ef nemandi á að vera í skólatíma eða er í frímínútum. Við fyrsta brot er rætt við nemanda og brot tilkynnt heim. Við annað brot er nemandi kallaður til viðtals ásamt foreldri og rætt um framhaldið.

### *Agabrot, áfengisneysla*

Verði nemandi staðinn að áfengisneyslu í eða við skólann, á skólaskemmtun, nemendaferðum eða öðru skólastarfi skal umsvifalaust hringt til foreldris/forráðamanns og hann látinn sækja viðkomandi nemanda. Málið skal síðan tekið til afgreiðslu á fundi foreldra/forráðamanns og viðkomandi nemanda svo fljótt sem mögulegt er. Ef um ítrekað brot er að ræða skal um það fjallað skv. reglugerð um skólareglur og meðferð agabrota almennt sbr. hér að ofan.

### *Brottvísun úr kennslustund*

Nemandi sem sendur er úr kennslustund skal ávallt sendur á ákveðinn stað, þar sem hann bíður viðtals við kennara að kennslustund lokinni. Þetta getur verið til skólaliða, til skrifstofu og/eða til deildarstjóra eða skólastjóra.

# Önnur verkefni



## *Viðmiðunarreglur varðandi skólasókn*

Grunnskólanemendur eru skólaskyldir samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008.

Á foreldrum hvílir sú skylda að börn sæki skóla. Foreldrar verða að tilkynna um veikindi barna sinna til skólans og sækja um leyfi fyrir þau gerist þess þörf. Fari skólasókn nemenda niður fyrir 80% á hverjum tíma skal umsjónarkennari gera foreldrum og nemendaverndarráði viðvart. Nemendaverndarráð skal fjalla um slík mál og ákvarða um frekari aðgerðir í samráði við skólastjórn.

### *Eftirfarandi reglur eru samdar fyrir starfsmenn til leiðbeiningar varðandi skólasókn nemenda.*

1) Ef nemandi mætir eftir að kennari hefur byrjað mætingarskráningu telst viðkomandi hafa komið of seint í tíma.
2) Ef nemandi mætir 20 mín. of seint telst hann hafa verið fjarverandi í viðkomandi tíma.
3) Kennarar hafa samband við skólaliða eða ritara varðandi þá sem eru ekki mættir og kanna hvort tilkynnt hafa verið um forföll. Ef ekkert hefur verið tilkynnt er hringt heim og spurst fyrir um nemandann
4) Skólaliðar skrá niður heimhringingar vegna fjarveru og eftir 10 skipti er viðkomandi tilkynnt að hringingum verði hætt. Ákvörðun um þetta er tekin í hvert skipti í samráði við viðkomandi umsjónarkennara og deildarstjóra stigs. Undantekningarlaust er þó hringt heim ef nemanda á yngsta stigi skólans vantar.
5) Kennarar skulu skrá skólasókn í Mentor vikulega.

### *Þegar nemandi hefur fengið:*

1) 10 fjarvistarstig á umsjónarkennari að hafa sambandi við foreldra/forráðamenn og ræða vandamálið.
2) 30 fjarvistarstig á umsjónarkennari að skrifa formlegt bréf til foreldra/forráðamanna og vekja athygli á vandamálinu og hvetja til úrbóta.
3) 45 fjarvistarstig á umsjónarkennari að boða foreldra í viðtal í skólanum með sér og skólastjórnendum. (deildarstjóra/skólastjóra).
4) Dugi þessi úrræði ekki mun skólastjórn taka við málinu til frekari meðferðar

Almennt má segja að skólasókn nemenda í Grundaskóla sé með ágætum en reglunum er ætlað að vera viðbragðsáætlun vegna þeirra undantekninga sem ekki gera boð á undan sér. Mikilvægt er að nemendur og foreldrar viti að þær eiga við um alla nemendur í skólanum án tillits til aldurs þeirra.

# Önnur verkefni

## *Skólareglur Grundaskóla – Uppeldi til ábyrgðar*

Lögð er áhersla á að nemendum líði vel í skólanum. Gerðar eru kröfur til nemenda um góða, ástundun, dugnað, reglusemi, góða umgengnu og kurteisi sem byggir á gagnkvæmri virðingu og trausti. Nemendur skulu mæta stundvíslega í allar kennslustundir og með tilskilin námsgögn. Nemendur skulu fara vel með eigin hluti, eigur annarra nemenda og hluti í eigu eða á vegum skólans. Nemendur geta þurft að bæta tjón sem þeir kunna að valda. Samkvæmt landslögum er öll notkun tóbaks og annarra vímugjafa óheimil í og við skólann sem og í öllum ferðum og félagsstarfsemi á vegum skólans. Grundaskóli vinnur eftir lífsleiknistefnunni *Uppeldi til ábyrgðar* en það er aðferð og leið til að ýta undir:

- jákvæð samskipti
- kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga
- taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum
- læra af mistökum í samskiptum
- þekkja sína styrkleika

Skólareglur Grundaskóla taka mið af þessari uppeldisstefnu og þær eru eins fáar og einfaldar og hægt er og því er til þess ætlast að allar almennar kurteisis- og umgengnisreglur gildi hér í skólanum. Í hugmyndafræðinni um Uppeldi til ábyrgðar er gert ráð fyrir að skólar og einstakar bekkjardeildir geri með sér sáttmála um sameiginlega sýn og sannfæringu. Í slíkum sáttmála koma fram gildi sem sátt er um frekar en reglur og viðurlög. Gildi Grundaskóla eru samvinna, traust og virðing. Þessi gildi eiga að endurspeglast í öllu starfi skólans meðal nemenda, starfsmanna og foreldra.

Sérhver bekkjardeild og umsjónarkennari gera með sér félagslegan sáttmála, svokallaðan bekkjarsáttmála sem felur í sér að hópurinn ákveður sameiginlega hvernig hópur hann vill vera. Í félagslega sáttmálanum er áhersla á sannfæringu og gildi fremur en reglur. Sannfæring og og gildi byggja á innri hvöt og ýta undir sjálfsaga og sjálfsstjórn. Félagslegi sáttmálinn er ekki eitthvað sem kennarinn semur og hengir upp í skólastofunni. Allir eru þátttakendur í að móta sýn á það hvernig kennslustofan skuli vera, hvernig koma eigi fram við aðra, taka ákvarðanir, leysa deilur, lagfæra mistök og hvernig ástand skuli ríkja í skólastofunni. Sáttmálinn tekur mið af aldri nemenda og skal endurskoðaður að minnsta kosti árlega.

Þolmörk, eða skýr mörk, eru notuð þegar einhver í hópnum vinnur gegn þeirri sannfæringu sem hópnum er umhugað um. Mikil vinna var lögð í að finna þessi skýru mörk fyrir Grundaskóla. Málin voru rædd á starfsmannafundum og kennarafundum og starfsfólk kom með tillögur auk þess sem nemendur voru spurðir álits. Skýr mörk eru óásættanleg hegðun sem truflar nám eða ógnar öryggi leiðir af sér að nemandi missir tímabundið réttinn að vera í hópnum. Um er að ræða ofbeldi, bæði andlegt og líkamlegt og einnig hvers konar vímuefni.

# Önnur verkefni

## *Reglur um móttöku nýrra nemenda og móttöku nemenda af erlendum uppruna*

Skólinn leggur áherslu á að vel sé tekið á móti öllum nýjum nemendum og allt gert til að þeir kynnist skólanum fljótt og vel. Umsjónarkennari skal fylgjast vel með hvernig nemandanum gengur að aðlagast nýjum aðstæðum.

Nýr nemandi og foreldrar/forráðamenn skulu boðaðir til viðtals eða móttöku í skólanum. Umsjónarkennari tekur á móti þeim, kynnir fyrir þeim skólann og skólastjórn ásamt því að afhenda nauðsynleg gögn.

Foreldrar nemenda af erlendum uppruna fá upplýsingar um skólann og starfsemi hans. Ef kalla þarf til túlk er það gert í samráði við foreldra (Túlkaþjónusta Alþjóðahúss). Ef fleiri nemendur eru frá sama tungumálasvæði er reynt að nýta þá til að aðstoða nýjan nemanda.

Leitast skal við að skipuleggja viðtal og móttöku nemanda þannig að ekki raski skólastarfi, en ef ekki verður hjá því komist skal kennarinn losaður úr kennslustund. Umsjónarkennari getur, að fengnu leyfi foreldra/forráðamanna, haft samband við fyrrum kennara nemandans og fengið helstu upplýsingar um hann. Eftir 3-6 vikna skólagöngu nemanda skal umsjónarkennari hafa samband við foreldra/forráðamenn og ræða hvernig skólabyrjunin gengur og hvað e.t.v. mætti fara betur.

## *Móttaka nemenda af erlendum uppruna, til ítrekunar*

[Sjá 16. gr. laga um grunnskóla 91/2008)

Kennsla í grunnskólum skal fara fram á íslensku. Heimilt er að nám fari fram á öðrum tungumálum en íslensku þegar það leiðir af eðli máls eða aðalnámskrá. Grunnskólar taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum greint frá rétti þeirra til túlkaþjónustu.

Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf. Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.

Það er stefna Grundaskóla að taka vel á móti öllum nýjum

# Önnur verkefni

nemendum og skylda hans er að haga skólastarfi í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins og sjá til þess að þeir aðlagist og líði vel í nýju skólaumhverfi og breyttum menningarheimi.

Við móttöku nemenda af erlendum uppruna skal þess gætt að hjálpa þeim eftir bestu getu að viðhalda móðurmáli sínu, þekkja og fræðast um heimaland sitt og menningu þess. Eftirfarandi reglur eru settar til að tryggja þetta:

- Börn af erlendum uppruna fá sérstakan stuðning í íslensku
- Mælst er til að unnið sé eftir einstaklingsáætlun fyrir hvern nemanda. Börnin læra um íslenska siði og menningu og þau miðla þekkingu um upprunamenningu sína.
- Umsjónarkennari hefur reglulegt samband við foreldra og ráðleggur þeim hvernig hægt er að aðstoða börnin í námi þó svo að kunnátta í íslensku sé ekki fyrir hendi.
- Áhersla er lögð á að börnin fylgi sínum bekkjum og taki þátt í bekkjarstarfi í viðkomandi árgangi. Þau sækja allar kennslustundir í list- og verkgreinum, heimilisfræði, íþróttum og sundi samkvæmt skólanámskrá.

## Samstarfsaðilar

Grundaskóli á samstarf við fjölmarga aðila. Auk Akraneskaupstaðar má nefna Brekkubæjarskóla, Tónlistarskólann og leikskólana á Akranesi. Einnig er afar mikið og gott samstarf við félagsmiðstöðina Þorpið og íþróttahúsið að Jaðarsbökkum. Nemendur í Grundaskóla hafa í langan tíma stundað nám við Verslunarskóla Íslands samhliða námi sína hér. Fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar á Akranesi og í nágrenni þess hafa staðið með skólanum við margvísleg tækifæri, stutt við bakið á skólanum í smáu og stóru. Slíkt er ómetanlegt og verður aldrei fullþakkað.

Grundaskóli hefur verið þeirrar gæfu aðnjótandi allt frá upphafi að hafa á að skipa áhugasömum og öflugum foreldrum sem vilja hag skólans sem mestan. Við skólann starfar Hollvinafélag Grundaskóla sem hefur verið öflugur bakhjarl frá stofnun. Í Hollvinafélaginu eru fyrrverandi nemendur og gamlir og nýir starfsmenn skólans. Víst er að án stuðnings Hollvinafélagsins vildum við ekki vera.

Samstarf við aðila utan skólans er bæði nemendum og starfsmönnum dýrmætt og lærdómsríkt. Skólinn er ekki eyland heldur hluti af stærri heild þannig að skólastarfið þarf að endurspegla nærumhverfi sitt.

## Heimildaskrá

*Aðalnámskrá grunnskóla. 2011. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Reykjavík.*

*Lykilhæfni. Veggspjald. 2013. Mennta og menningarmálaráðuneyti. Reykjavík.*

*Embætti landlæknis. Heilsueflandi grunnskóli. (sótt á vef embætis landslæknis 30. júní 2015 http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item12346/Heilsueflandi_grunnskoli)*

*Rethinking Homework. 2007. Alfie Kohn. (Sótt á heimasíðu Alfie Kohn 30. júní 2015 http://www.alfiekohn.org/article/rethinking-homework/)*

Grundaskóli
2015